



# FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

20. ágúst 2007 – 224. tölublað – 7. árgangur

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Sími: 512 5000

## MÁNUDAGUR

### Gael úti á landi

Leikgerð Gísla Arnar Garðarssonar á Tillsammans, með Gael Garcia Bernal í einu hlutverkanna, er óðum að taka á sig mynd.

FÓLK 38

### Svona ætti að vera ...

„Höfuðborgarsvæðið á sér bara eina sögulega og sálarlega og raunverulega miðju, sem er gamli miðbærinn okkar,“ skrifar Guðmundur Andri Thorsson.

Í DAG 18

### Heillaður af Grænlandi

Stefán Þór Herbertsson stendur fyrir kennslu í skák og sundi til handa grænenskum börnum.


BAKSVÍÐ 16

### Furðuvíti á Anfield

Liverpool-menn voru mjög ósáttir við vítið sem dæmt var á liðið í 1-1 jafntefli þess við Chelsea í gær.

ÍPRÓTTIR 34


### VEÐRIÐ Í DAG



**HÆGVÍÐRI OG MILT** Hægvíðri í fyrstu en heldur vaxandi suðlæg átt vestan til síðdegis. Skýjað með köflum og yfirleitt þurr. Hiti 10-17 stig, hlýjast til landsins. **VEÐUR 4**

### Mánudagur

Lestur meðal 18-49 ára á höfuðborgarsvæðinu



\*Samkvæmt fjölmíðlakönnun Capacent í júlí 2007

# Slappu undan fellibylnum

Talið er að kraftmikill fellibylur fari yfir Júkatanskaga í dag. Tíu Íslendingar voru fastir í Cancún þar til í gær. Utanríkisráðuneytið aðstoðaði fólkið við að komast í burtu. Móðir stúlku í hópnum var miður sín.

**NÁTTURUHAMFARIR** Tíu Íslendingar voru fluttir í bíl til Mexíkóborgar frá Cancún á Júkatanskaga klukkan 17.30 að staðartíma í gær. Búið er við því að kröftugur fellibylur, Dean, ríði yfir skagann í kvöld eða á þriðjudagsmorgun. Hópurinn er í útskriftarferð frá Háskólanum á Bifröst og dvaldi á hóteli nærri ströndinni í Cancún. Dean hefur þegar valdið átta dauðsföllum á eyjum í Karíbahafinu.

Lengi vel leit út fyrir að hópurinn yrði innlyksa í Cancún og þyrfti að bíða fellibylinn af sér, sagði Eva Sólan, einn af Íslendingunum tíu, í gær áður en það lá ljóst fyrir að þau myndu komast frá Cancún. Eva hafði haft samband við ferðaskrifstofuna sem þau fóru með til Mexíkó, Trans-atlantic á Akureyri, og við utanríkisráðuneytið. Hún sagðist hafa

verið sár út af seinagangi þeirra við að reyna að koma hópnum undan fellibylnum mannskæða. „Við erum búin að reyna að gera allt sem við getum til að komast í burtu en það eru öll flug frá Cancún uppbókud. Okkur stendur eðlilega ekki á sama því þessi fellibylur er mjög öflugur,“ sagði Eva. Egill Arnarson, eigandi Trans-atlantic, sagði í gær að ekki hefði gengið að finna leiguflug handa hópnum.

„Starfsmenn hótelsins hafa sagt okkur að við munum verða flutt í neðanjarðarbyrgi þegar fellibylurinn ríður yfir. Við eigum því líklega ekki annarra kosta völ en að sitja fellibylinn af okkur í þessum byrgjum ef við komumst ekki héðan. Mér heyrir að utanríkisráðuneytið ætli ekki að gera neitt annað en að

ráðleggja okkur að bíða í þessum byrgjum,“ sagði Eva.

Starfsmenn sendiráðs Íslands í Washington og ræðismaður Íslands í Campeche í Mexíkó, Rafael Ruiz Montero, náðu svo loks að finna lausn á málinu síðdegis í gær og aðstoðuðu hópinn við að komast til Mexíkóborgar, segir Helga Guðjónsdóttir, móðir Evu Sólan. „Ég er búin að vera miður mín af áhyggjum í allan dag. Dóttir mín hringdi í mig til að segja mér frá þessu og hún reyndi að ró mig með því að segja að þau myndu koma sér í burtu einhvern veginn,“ segir Helga.

Reynt verður að flytja hópinn með flugi frá Mexíkóborg og til New York í dag segir Helga. Íslendingarnir eiga pantað flug frá New York til Íslands á morgun.

- ifv / sjá síðu 8



**HRESSIR Á HLAUPAHJÓLUM** Þeir Breki Guðmundsson og Pétur Ágústsson léku listir sínar fyrir ljósmyndara Fréttablaðsins á Miklatúni í gær. **FRÉTTABLAÐIÐ/HÖRÐUR**

## Herforingjar ráðleggja Brown: Herinn tafarlaust heim

**BRETLAND** Háttsettur ráðamenn í breska hernum hafa ráðlagt

Gordon Brown forsætisráðherra að kalla allt herlið Breta frá Írak tafarlaust. Herforingjarnir tjáðu Brown að herinn gæti ekkert meira gert í Suður-Írak og því væri fyrir bestu að kalla þá fimm þúsund og fimm hundruð hermenn sem þar eru heim.



GORDON BROWN

Brown hefur gefið það út að ákvörðun um framhaldið verði tilkynnt í október. Alls hafa 168 breskir hermenn látið lífið í Írak frá því að innrásin var gerð í mars árið 2003.

Brown tók við embætti forsætisráðherra ára setu í fjármálaráðuneytinu, og hefur notið mikilla vinsælda fyrstu vikurnar í starfi.

- jsk

Liðlega tvítugur Íslendingur lést og annar slasaðist þegar flugvél þeirra hrapaði:

## Íslendingur lést í flugslysi í Kanada

**SLYS** Liðlega tvítugur Íslendingur lést í flugslysi í Bresku Kólumbíu í Kanada síðdegis í fyrradag. Þrír aðrir voru í vélinni, einn Íslendingur og tveir Kanadamenn, allir um tvítugt, og komust þeir lífs af.

Samkvæmt upplýsingum frá alþjóðadeild ríkislögreglustjóra var vélin, fjögurra sæta Cessna-vél, á leið til bæjarins Squamish þegar hún steypist til jarðar í skóglendi. Íslendingurinn lést á staðnum en hitt fólkið var flutt

alvarlega slasað með þyrlu á sjúkrahús í Vancouver.

Kanadíska dagblaðið Vancouver Sun lýsir hetjudáð annars kanadíska farþeganna, sem þar segir að hafi bjargað þeim tveimur sem á lífi voru, nítján ára íslenskum manni og tvítugri kanadískri stúlku, út úr vélarflakinu og komið þeim á öruggan stað. „Þegar hann hafði komið þeim á autt svæði framkvæmdi hann fyrstu hjálpu og svo veifaði hann okkur þannig að við fundum nákvæma staðsetningu þeirra. Hann er sönn hetja,“ hefur blaðið eftir Bruno Lapointe, tæknimanni leitarmanna.

Á vefnum segir að þremmingarnir hafi þjást af ofkælingu og verið með mismikla líkamlega áverka. Á vefnum canada.com segir að þykkt skóglendi sé þar sem vélin hrapaði og erfitt hafi verið fyrir leitarmenn að finna fólkið.

Ekki fengust nánari upplýsingar um líðan Íslendingans slasaða, eða hver flaug vélinni.

- sh

## Ný forvörn gegn ölvunarakstri: Hræða fólk með björglæraugum

**ENGLAND** Yfirvöld í Leeds á Bretlandi hafa tekið upp á því að nota svokölluð „björglæraugu“ sem líkja eftir ölvunaráhrifum til að fræða fólk um hættur þess að aka undir áhrifum áfengis.

Vegna stöðugar fjölgunar slysa sem rekja má til ölvunaraksturs í Vestur-Jörvíkurskíri hefur borgarráðið samþykkt að beita þurfi óhefðbundnum aðferðum til að ná til ungra öikumanna. Með því að sýna unglungum hversu mikil áhrif áfengi hefur á skynjun þeirra, gætu björglæraugun hjálpað til við að draga úr slíkum slysum.

„Vonandi gleyma þau því ekki þegar þau fóru í skólann, prófuðu gleraugun og gátu ekki staðið upprétt,“ sagði öryggisfulltrúi um gleraugun.

- sh

DAGANA 8.-26. ÁGÚST **SPARI DAGAR** **ORMSSON** ..og þú gerir frábær kaup! TÖLF VERSLANIR OG UMBODSMENN UM LAND ALLT

## SPURNING DAGSINS



Geir Jón, mætti fara að kalla þetta siðmenningarnótt?

„Það er sitthvað nóttin eftir menningarnótt og svo menningarnóttin sjálf, sem er haldin að degi til. En hvort tveggja fór glæsilega fram í ár.“

Geir Jón Þórisson yfirlögsluþjónn stóð vaktina með sínum mönnum í miðbænum á menningarnótt, eða öllu heldur nóttina eftir menningarnótt. Þótti nóttin takast með miklum ágætum miðað við fyrri ár.



**FÆDMAST BROSANDI** Utanríkisráðherra Frakklands, Bernard Kouchner, og íraksí starfsbróðir hans, Hoshyar Zebari, sjást hér faðmast við komu Frakkans til landsins í gær.

Kouchner kominn til Íraks: Heimsóknin talin tímamót

**ÍRAK. AP.** Heimsókn utanríkisráðherra Frakklands, Bernard Kouchners, til Íraks er talin marka tímamót í samskiptum Frakklands og Bandaríkjanna. Ráðherrann kom til Íraks í gær. Talið er að með heimsókninni séu Frakkar að sýna Írókum samhug og stuðning auk þess sem Nicolas Sarkozy Frakklandsforseti vilji bæta tengslin við Bandaríkin.

Frakkland og Bandaríkin hafa átt í áralöngum deilum eftir innrásina í Írak árið 2003, en Chirac Frakklandsforseti neitaði að taka þátt í árásinni.

Slökkviliðsmenn í New York:

Létust í yfirgefn-um skýjakljúfi

**ERLENT** Tveir slökkviliðsmenn létu lífið þegar eldur kom upp í yfirgefnum skýjakljúfi rétt við Núllpunktinn svokallaða í fjármálahverfi New York-borgar. Verið var að rífa skýjakljúfann þegar eldurinn kom upp. Byggingin hýsti áður höfuðstöðvar Deutsche Bank, en varð fyrir slíkum skemmdum í árásunum á tvíburaturnana hinn ellefta september 2001 að hún var lýst ónothæf.

Ormsteiti 2007:

## Tíu daga veisla

**FÓLK** Ormsteiti kallast tíu daga veisla á Héraði sem haldin er dagana 17. til 26. ágúst. Viðamikil dagskrá stendur yfir alla dagana þar sem í boði er meðal annars útimarkaður, nemendamót og hverfahátíð.

Fljótsdalsfélag og Fljótsdals-hreppur standa að hátíðinni. Í gær var Hallormstaðadagur þar sem boðið var upp á gönguferð, glerlistaverkasýningu og sveppaleiðangur svo fátt eitt sé nefnt. Fjölmargir hlýddu á tónleikana „Gyðjan í skóginum“ þar sem Eivör Pálsdóttir kom fram ásamt fimm manna hljómsveit.



**ORMSTEITI Í HALLORMSSTAÐ** Eivör Pálsdóttir söng ásamt fimm manna hljómsveit í blíðskaparveðri í Trjásafninu í Hallormsstað í gær. dag.

# Mannekla í skólum leyst með yfirvinnu

Grunnskólar Reykjavíkur verða settir á miðvikudaginn. Enn vantar kennara og skólaliða til starfa. Kemur ekki til greina að minnka þjónustu, segir skólastjóri Háteigsskóla. Skortur á kennurum þýðir aukið álag á þá sem fyrir eru.

**MENTUN** „Ég þarf að leysa þetta mál í dag og ég mun líklega leysa þetta innanhúss,“ segir Brynhildur Ólafsdóttir, skólastjóri Álfamýrarskóla, en það vantar enn kennara í stöðu umsjónarkennara fyrir fyrsta og annan bekk. Hún segir að vissulega þýði það meira álag fyrir hina kennarana en hún sé bjartsýn á að þetta leysist. „Einhvern veginn vilja hlutirnir oft leysast og þetta gengur alltaf á endanum,“ segir Brynhildur og bendir á að ekki sé hægt að neita börnum um pláss í skóla eins og hægt sé þegar vantar starfsfólk í leikskóla borgarinnar.

Grunnskólar Reykjavíkur verða settir á miðvikudaginn og þá hefja 14.192 nemendur nám og þar af 1.344 börn í fyrsta bekk. Á heimasíðu Reykjavíkurborgar kom fram hinn 10. ágúst að það vantaði enn um 140 starfsmenn, þar af 69 kennara, en starfsmenn grunnskólanna eru um 2.200 þegar þeir eru fullmannaðir.

„Mig vantar ekki kennara en mig vantar skólaliða. Mér finnst gæslan í skólum oft fara varhluta af því sem hún ætti að vera,“ segir Inga Þórunn Halldórsdóttir, skólastjóri í Borgaskóla. Hún segist hafa heyrt að það vanti kennara í einstaka stöður en alls staðar vanti skólaliða. „Foreldrar reikna með því að við séum með ákveðna gæslu í skólunum eins og á skólalóðinni og á göngum. Það er erfitt að manna þessar stöður vegna þess að launin sem við erum að bjóða fólkinu eru of lág.“ Inga Þórunn segir starf skólaliða vera mjög mikilvægt en launin séu ekki í samræmi við það. „Við getum ekki krafist lágmarks-



**SKÓLASETNING Á MIÐVIKUDAGINN** Ásgeir Beinteinsson, skólastjóri Háteigsskóla, segir reynslu vera fyrir því að mál leysist á fyrstu vikum skólaársins.

menntunar og það er varla að við getum krafist þess að viðkomandi tali íslensku.“ Inga Þórunn segir skólaliða aðstoða börnin utan kennslustofu og bendir á að það séu jafnan þeir sem uppgötva einelti og bregðast við ef eitthvað kemur upp á. „Þeir eru stöð og stytta yngri barnanna og ekki síður þeirra eldri í ýmsum málum sem koma upp,“ segir Inga Þórunn.

Ásgeir Beinteinsson, skólastjóri Háteigsskóla, segir að með góðri

samstöðu í kennarahópnum sé unnt að dekkja það sem er brýnast. Í Háteigsskóla vantar náttúrufræðikennara, kennara í sérkennslu, skólaliða í hálfstarf og stuðningfulltrúa í hálfstarf. „Það er aldrei neinn punktur þar sem við segjumst ekki geta leyst málin og tökum ákvarðanir um að fella niður þjónustu. Við gefumst ekki upp og erum stöðugt að leita leiða til að leysa vandann,“ segir Ásgeir.

larab@frettabladid.is

Líkamsárás í miðbænum:

## Fékk spark í andlitið

**LÖGREGLUMÁL** Líkamsárás var tilkynnt um klukkan sjö í fyrrkvöld, en tveir menn um þrjú höfðu ráðist að öðrum þegar hann gerði athugasemdir við skemmdarverk sem mennirnir voru í óða önn að vinna á bílum við Skólavörðustíg. Þegar hann gerði sig líklegan til að tilkynna athæfið til lögreglu eltu þeir manninn inn í verslun og réðust á hann þar. Maðurinn fékk spark í andlitið og skarst á hönd. Mennirnir voru handteknir skömmu síðar, en þolandinn hafði þá komið sér sjálfur á slysvarðstofu. Árásarmennirnir voru færðir í fangageymslur.



**SIGURVEGARARNIR TAKAST Á** Björn Þorfinnsson og Jóhanna Björg Jóhannsdóttir teffa á opna Flugfélagsmótinu í Tasiilaq á Grænlandi.

Grænlandsmótið í skák:

## Björn Þorfinnsson vann

**SKÁK** Opna Grænlandsmótið í skák, Flugfélagsmótið, var haldið um helgina. 86 keppendur mættu til leiks en mótið var haldið í Tasiilaq á Austur-Grænlandi. Sigurvegari var Björn Þorfinnsson með níu og hálfan vinning af tíu mögulegum. Í öðru sæti var Róbert Harðarson með níu vinninga, en hann vann mótið árið 2005, og í þriðja sæti var Hrannar Jónsson. Veitt voru verðlaun í þrem öðrum flokkum. Jóhanna Björg Jóhannsdóttir varð efst í bæði kvenna- og barnaflokk og Dines Ignatussen varð efstur í flokki heimamanna. Með Flugfélagsmótinu lauk skákveislunni í Tasiilaq sem staðið hefur yfir í viku. Glitnismót var haldið á föstudag og Toyota-mót var haldið á fimmtudag og voru yfir sextíu keppendur á báðum mótunum. Einnig var teft í skólanum og félagsheimilinu á hverjum degi.

## LÖGREGLUFRETTIR

## Grjót hrundi á konu í Öskju

TF-EIR, þýla Landhelgisgæslunnar, sótti í gær konu að Viti í Öskju þar sem hún slasaðist er grjót hrundi á hana. Hún missti meðvitund um tíma. Björgunarsveitarmenn sem voru á staðnum í einkaerindum hlúðu að konunni fyrst um sinn. Konan var flutt til Egilsstaða.

Jón Ásgeir Jóhannesson ekki í hópi fjárfesta sem vilja kaupa Newcastle United:

## Íslendingar vilja Newcastle United

**VIÐSKIPTI** Íslenskir fjárfestar undir forystu Pálma Haraldssonar í Fons vilja kaupa hið fornfræga enska knattspyrnufélag Newcastle United, samkvæmt frétt Vísis.is.

Einnig kemur fram að gamla kompan Alan Shearer sé í fjárfestahópi Pálma. Samkvæmt öruggum heimildum Fréttablaðsins er Jón Ásgeir Jóhannesson hins vegar ekki í kaupendahópnum, þrátt fyrir fréttir annars efnis.

Breski auðkýfingurinn Mike Ashley keypti Newcastle í sumarbyrjun á rúma sautján milljarða króna. Félagið er eitt hið þekktasta á Bretlandi þrátt fyrir að liðið hafi ekki notið sérstakrar velgengni inni á vellinum.

Aðdaendur Newcastle eru taldir þeir allra tryggustu á Bretlandi, og troðfylla heimavöll liðs-



ins, St. James's Park, á hverjum einasta heimaleik. Völlurinn tekur 52 þúsund manns í sæti.

Pálmi Haraldsson var staddur í laxveiði seint í gærkvöldi og vildi í samtali við Fréttablaðið hvorki neita því né játa að til stæði að kaupa Newcastle United. Pálmi staðfesti þó að Alan Shearer væri ekki með í för, enda vissi hann ekki til þess að gamli Newcastle-fyrirliðinn stundaði laxveiðar.

- jsk

**MICHAEL OWEN** Frægasti og dýrasti leikmaður Newcastle, sem liðið keypti frá Real Madrid fyrir tveimur árum.

NORDICPHOTOS/GETTY

## BÍLL DAGSINS

## SUBARU LEGACY WAGON

Nýskr. 11.97 - Sjálfskiptur - Ekinn 162 þús. km.



Ingvar Helgason

NOTAÐIR BÍLAR

Opíð: Mán. 10:00 - 18:00, þri.-fös. 9:00 - 18:00, lau. 12:00 - 16:00. Sími: 525 8020



© LANDSBANKINN 2017

| GJALDMIÐLAR     | KAUP   | SALA   |
|-----------------|--------|--------|
| Bandaríkjadalur | 69,08  | 69,40  |
| Sterlingspund   | 136,56 | 137,22 |
| Evra            | 92,86  | 93,38  |
| Dönsk króna     | 12,477 | 12,551 |
| Norsk króna     | 11,567 | 11,635 |
| Svænsk króna    | 9,901  | 9,959  |
| Japanskt jen    | 0,6098 | 0,6134 |

SDR 105,24 105,86

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR  
126.5606

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Þyrla leitaði týndu ferðamannanna þýsku austan Vatnajökuls í gær:

## Ekkert bólar enn á Þjóðverjunum

**LÖGREGLUMÁL** Þýsku ferðamennirnir tveir sem lögreglan lýsti eftir í fyrradag eru enn ófundnir. Mennirnir, Thomas Grundt og Mathias Hinz, sáu síðast á tjaldstæðinu í Laugardal í Reykjavík 29. júlí síðastliðinn og hefur ekkert spurst til þeirra síðan.

Lögregla og landstjórn björgunarsveita könnuðu í gær upplýsingar sem borist hafa innanlands og frá Þýskalandi. Þyrla Landhelgisgæslunnar flaug yfir eina af líklegum gönguleiðum manna austan Vatnajökuls í gær, en hafði ekki erindi sem erfiði. Lögregla hefur ferðaáætlun manna undir höndum. Samkvæmt henni hugðust þeir



MATHIAS HINZ THOMAS GRUNDT

ferðast í lok júlí að fjallasvæði við Vatnajökul. Þar ætluðu þeir að stunda göngu og ísklifur. Þeirri ferð hugðust þeir ljúka 12. ágúst.

EKKI ER VITAÐ HVAR MENNIRNIR ÆTL-

uðu að ferðast og dvelja að öðru leyti. Lögreglan vinnur nú að því að reyna að kortleggja ferðir manna út frá ábendingum, en fólk sem haft hefur samband við lögreglu telur sig hafa séð mennina um allt land, og ljóst að ábendingarnar standast ekki nærri allar.

Aðstandendur manna í Þýskalandi höfðu samband við lögreglu yfirvöld á Íslandi á laugardag eftir að mennirnir höfðu ekki skilað sér til Þýskalands með flugi sem þeir áttu bókað.

Lögregla biður alla þá sem geta veitt upplýsingar um ferðir manna eða ferðaáætlun að hafa samband í síma 444-1000.

- sh

## Prír ölvaðir látnir sofa úr sér: Grýtti glasi í bíl og gisti í klefa

**LÖGREGLUMÁL** Þrír ölvaðir menn voru látnir gista fangageymslur lögreglunnar á Suðurnesjum í fyrrinótt. Einn þeirra hafði grýtt glasi í bíl. Hann gat ekki greitt frá nafni sínu og hafði engin skilríki meðferðis. Annar var afar ölvaður og gat ekki greitt fyrir ferð með leigubíl. Sá þriðji hafði í ölaði sparkað í lögreglubíl í Hafnargötu.

Þá voru fjórir teknir fyrir ölvunarakstur í umdæmi embættisins og þrír stöðvaðir fyrir of hraðan akstur. Tveir ungir ökumenn til viðbótar fengu áminningu vegna glannaksturs við Grófina í Reykjanesbæ.

- sh



CRISTINA MEIER Myndin sýnir þýska hjálparstarfsmanninn, Christinu Barbara, sem var rænt á veitingastað í Kabúl á laugardaginn.

FRÉTTABLAÐIÐ/AP

## Mannránið í Afganistan: Myndband af konunni sýnt

**AFGANISTAN, AP** Einkarekin sjónvarpsstöð í Afganistan sýndi í gær myndband með konunni sem rænt var á veitingastað í Kabúl í Afganistan á laugardaginn.

Á myndbandinu sést konan, Cristina Meier, biðja yfirvöld í Afganistan um að láta tiltekna fanga lausa. „Ég er ómeidd en vil að yfirvöld í Þýskalandi geri það sem þau geti til að ég verði látin laus,“ segir Cristina.

Þýska utanríkisráðuneytið hefur neitað að tjá sig um myndbandið. EKKI ER VITAÐ hverjir standa á bak við mannránið en talið er útilokað að það séu talíbanar.

- ifv

### LEIÐRÉTT

Ranglega var sagt í Fréttablaðinu á föstudag að Íslenski dansflokkurinn hafi safnað upp 47 milljóna króna halla gagnvart ríkissjóði á umliðnum árum. Hið rétta er að við síðustu áramót var samtals níu milljóna króna afgangur af rekstri Íslenska dansflokksins. Beðist er velvirðingar á mistökunum.

# Olíuhreinsistöð ekki í samræmi við Kyoto

Þórunn Sveinbjarnardóttir umhverfisráðherra segir að olíuhreinsistöð á Vestfjörðum rúmist ekki innan heimilda Kyoto-bókunarinnar. Hún segir meginmarkmið stjórnvalda að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda.

**UMHVERFISMÁL** „Mér finnst það lýsa því best hve óljósar þessar áætlanir eru að formælendur þessara fyrirtækja skuli miða við lægstu mögulegu gildi varðandi losun gróðurhúsalofttegunda þegar allir sem hafa kynnt sér málið vita að losun gróðurhúsalofttegunda getur verið miklu meiri,“ segir Þórunn Sveinbjarnardóttir umhverfisráðherra vegna fyrirhugaðrar olíuhreinsunarstöðvar á Vestfjörðum.

Árni Finnsson, formaður Náttúruverndarsamtaka Íslands, segir að talan 400 þúsund tonn af útblæstri gróðurhúsalofttegunda, vegna fyrirhugaðrar olíuhreinsunarstöðvar á Vestfjörðum, sé of lág. Þetta kom fram í Fréttablaðinu í gær.

Þórunn segist telja heppilegra að menn ræddu þessar tölur eins og þær væru en væru ekki að reyna að fegra myndina. „Í raun er aðeins eitt gefið og öruggt í þessum efnunum í sambandi við umræðuna um hugsanlega olíuhreinsunarstöð hér á landi og það er að á næstu árum og áratugum munum við þurfa að draga verulega úr losun gróðurhúsalofttegunda.“

Þórunn segir stóra verkefnið hljóti að vera það að taka höndum saman og stöðva hlýnun andrúmsloftsins og það hefjist aðeins með miklu átaki sem felst í því að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda hvaðan sem hún kemur. „Miðað við skuldbindingar Íslands samkvæmt Kyoto-bókuninni þá fæ ég ekki séð að olíuhreinsunarstöð eða losun frá olíuhreinsunar-



ARNARFJÖRÐUR Mengun frá olíuhreinsistöð í Arnarfirði brýtur í bága við skuldbindingar Íslands samkvæmt Kyoto-bókuninni.



ÞÓRUNN SVEINBJARNARDÓTTIR

stöð rúmist innan almennt heimilda.“

Þórunn segir burtséð frá því þá sé nauðsynlegt að gera sér grein fyrir því að þeir sem tala máli fyrirtækja og fjárfesta um slíkan rekstur hér á landi viti það jafnvel og stjórnvöld að verkefnið á næstu árum sé að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda og það eigi við í öllum geirum samfélagsins.

larab@frettabladid.is

## Drukinn skipstjóri stöðvaður: Ölvaður undir stýri úti á sjó

**LÖGREGLUMÁL** Lögregla stöðvaði siglingu tveggja báta utan við Reykjavíkurbörn um miðnæturtil aðfaranótt sunnudags. Hvorugur skipstjórinn gat framvísað haffærisskírteini. Þá var annar þeirra, sem sigldi seglskútu, undir áhrifum áfengis.

Varðskipsmaður sá um að sigla skútu hins ölvaða, en umræddur skipstjóri var auk þess án skipstjórnarréttinda, segir varðstjóri lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu.

EKKI FENGUST upplýsingar um hvaða ferðalag var á mönnum eða hvort þeir höfðu verið lengi úti.

- sh

## Svíþjóð: Þrír handteknir fyrir nauðgun

**SVÍÞJÓÐ** Þrír karlmenn á þritugsaldri voru handteknir aðfaranótt laugardags vegna gruns um að hafa nauðgað fimmtán ára stúlku á hrottafenginn hátt í bænum Linköping í Svíþjóð.

Nauðgunin átti sér stað í íbúð í bænum aðfaranótt föstudags og kærði stúlkan hana til lögreglu strax um morguninn að því er fram kemur í sænska dagblaðinu Aftonbladet. Eftirgrennslan lögreglunnar leiddi til handtöku og eru þeir allir grunaðir um að hafa beitt stúlkuna ofbeldi.

- sbt

### AFRÍKA

#### Átján féllu í Sómalíu

Átján manns féllu og fimmtán særðust í átökum skæruliða í Sómalíu. Átökin áttu sér stað í þorpunum Mahas og Wabho í miðhluta Sómalíu, um 480 kílómetrum norðaustur af höfuðborginni Mogadishu.

# BÓKHALD ER SKEMMTILEGT!

GRUNNÁM Í BÓKHALDI BYRJAR 10. SEPT.

Upplýsingar og skráning:  
**544 4500 / www.ntv.is**

NÝI TÖLVU- OG VIÐSKIPTASKÓLINN – VIÐURKENNDUR EINKASKÓLI Á FRAMHALDSSKÓLASTIGI

## VEÐURSPÁ

Sigurður Þ. Ragnarsson, veðurfræðingur

HÆGVIÐRI

Veðurspá dagsins einkennist af rólegheitaveðri um allt land. Núna með morgninum verður víða bjart á vesturhluta landsins en smám saman þykkjar upp vestan til eftir hádegi með heldur vaxandi sunnanátt. Í nótt fer svo að rigna vestan til á landinu og á morgun færirst úrkoman í aukana, einkum síðdegis á morgun, en þá verður víða rigning, síst þó norðaustan og austan til.

REYKJAVÍK Í DAG

Hæg suðlæg átt. Bjart í fyrstu en þykkjar síðan upp. Hlýtt í veðri.

um hádegi »

» á morgun

8-13 m/s sunnan og vestan til annars 5-10 m/s

» miðvikudagur

8-13 m/s

um hádegi »

|               |                 |           |              |                 |                 |
|---------------|-----------------|-----------|--------------|-----------------|-----------------|
| Kaupmannahöfn | 22°C skúrir     | London    | 18°C skúrir  | Friedrichshafen | 16°C skúrir     |
| Billund       | 22°C skúrir     | Paris     | 19°C rigning | Basel           | 20°C skúrir     |
| Oslo          | 19°C skúrir     | Amsterdam | 20°C skúrir  | Alicante        | 28°C léttskýjað |
| Stokkhólmur   | 23°C léttskýjað | Frankfurt | 21°C skúrir  | Algarve         | 29°C hálfskýjað |
| Gautaborg     | 24°C skúrir     | Berlín    | 22°C rigning | Las Palmas      | 26°C léttskýjað |

\* Vindhraði er í metrum á sekúndu.

# TÖSKUR OG ALLT

**OPIÐ**  
UM HELGINA  
LAU 10-18  
SUN 13-17



VERÐ FRÁ  
**4.495**

**PUMA**  
TÖSKUR



VERÐ ÁÐUR  
7.990

NÚ BARA  
**4.395**



**SKÓLATASKA**  
STYRKT BAK MEÐ ÖNDUNARLEIÐ.  
TASKAN ER ÚR SLITSTERKU EFNI,  
BOTN OG BAK ER MEIRA STYRKT.  
REGNHLÍF YFIR TÖSKUNA FYLGIR.



VERÐ ÁÐUR  
11.990

NÚ BARA  
**7.990**

**CASIO REIKNIVÉL**  
900 AÐGERÐIR, 8 LÍNU SKJÁR, 21 STAFUR  
HYER LÍNA, 32 KB MINNI



VERÐ ÁÐUR  
595

NÚ BARA  
**395**

**LIMIT STÍLABÓK**



BARA  
**499**

**TRÉLITIR**  
ÞRÍHYRNDIR TRÉLITIR,  
SVEIGJANLEGIR OG HÖGGPOLNIR.  
TILVALIÐ FYRIR ÞAU YNGSTU.



SAMKVÆMT VERÐKÖNNUN ASÍ  
16. ÁGÚST 2007

**SKIPTIBÆKUR**

**GLÁS**  
AF BÍLASTÆÐUM!!!



**GRIFFILL**  
skeifunni 11 · griffill.is

**OPIÐ Í ÁGÚST**

|                            |       |
|----------------------------|-------|
| LAUGARDAGINN 18            | 10-18 |
| SUNNUDAGINN 19             | 13-17 |
| 20 TIL OG MEÐ 22           | 10-20 |
| 23 OG PAR EFTIR VIRKA DAGA | 10-18 |
| LAUGARDAGUINN 25           | 10-16 |
| SUNNUDAGURINN 26           | 13-17 |

**ALLTAF**  
ÖDÝRARI

## KJÖRKASSINN



Tókst þú þátt í hátíðahöldum á menningarnótt?

|     |       |
|-----|-------|
| Já  | 31,5% |
| Nei | 68,5% |

## SPURNING DAGSINS Í DAG:

Ætti að hækka laun grunn-skólakennara?

Segðu skoðun þína á vísir.is



Flokkur Nazarbayevs:

## Með öll þingsætin í landinu

**KASAKSTAN, AP**  
Flokkur Nursultans Nazarbayevs, forseta Kasakstan, fékk öll þingsætin í þingsætingunum samkvæmt útgönguspám. Kosningarnar voru haldnar á laugardaginn.



NURSULTAN NAZARBAYEV

Enginn annar flokkur fékk þau sjö prósent sem til þarf til að fá þingsæti.

Eftirlitsmenn frá alþjóðlegum samtökum segja að framkvæmd kosninganna hafi verið gölluð en sýni þó að landið sé að mjakast í lýðræðisátt. Nazarbayev, sem hefur verið forseti síðan árið 1989, var búinn að lofa því að ekki yrði svindlað í kosningunum.

-fv

Ekki kalt stríð í uppsiglingu þó að Rússar hafi hafið eftirlitsflug segir sagnfræðingur:

## Rússar vilja sanna styrk sinn

**STJÓRN MÁL** Kalda stríðið tilheyrir fortíðinni, þótt Rússar haldi fast í gamla stórveldisdrauma, að sögn Þórs Whitehead sagnfræðings. Rússar sendu á dögnum fjórtán orrustuþotur til eftirlitsflugferða á Atlantshafi og yfir Kyrrahaf og er það í fyrsta skipti í fimmtán ár sem slíkar ferðir eru farnar. Rússneskar sprengjuflugvélar komu upp að austurströnd Íslands á föstudag.

„Það er ekkert kalt stríð í uppsiglingu. Rússneska ríkið byggist ekki lengur á einhverri hugmyndafræði sem gengur út á að frelsa heiminn,“ segir Þór.

Hann bætir við að rússneska



ÞÓR WHITEHEAD

ríkið sé þó að eflast og keppi að því að ná stórveldisstöðu í heiminum. „Rússland hefur sögulega séð alltaf verið stórveldi. Þessi efling herafans er liður í því. Stórveldi verða að geta ógnað, og

Pútín vill sanna fyrir umheiminum að Rússar búi yfir slíkum mætti.“

Þór segir heræfingar Rússa einkum beinast gegn Bandaríkjunum og nágrennaríkjum Rússlands. Skilaboðin séu þau að Rússar búi enn yfir herafila sem heimurinn verði að taka tillit til. Hann telur Bandaríkjamenn ekki alltaf hafa sýnt nærgætni í samskiptum við Rússa hin síðari ár. „Rússland er að rísa aftur upp á fæturna. Pútín fetar þarna í fótspor gömlu keisaranna og leggur mikla áherslu á að efla hervaldið. Sagan endurtekur sig alltaf á sinn hátt.“

-jsk

Steingervingar í Frakklandi:

## Fundu fornar sjávarköngulær

**VÍSINDI** Steingervingar sem hafa að geyma fornar sjávarköngulær fundust nýverið skammt frá borginni Lyon í Frakklandi. Eru þeir taldir vera 160 milljón ára gamlir.

Sjávarköngulær hafa átta sérlega langar lappir og eru taldir fjarskyldir ættingjar hefðbundinna köngulóa. Til eru um 1300 slíkar tegundir í heiminum í dag. Að sögn vísindamanna eru þessir afar mikilvægir til að átta sig á uppruna og þróun þessarar merkilegu dýrategundar.

-fb

### LÖGREGLUFRÉTTIR

#### Þrjár ölvæðir og tveir á efnum

Rólegt var hjá lögreglunni á Selfossi í fyrrinótt og augljóst að margir hafa farið úr bænum til borgarinnar að fagna menningarnótt. Þó voru þrjár teknir fyrir ölvun við akstur og tveir teknir grunaðir um akstur undir áhrifum fíkniefna.

#### Slapp nær ómeiddur

Ökumaður slapp án teljanlegra meiðsla þegar bill hans valt heila veltu í Norðurárdal fyrir hádegi í gær. Að sögn lögreglunnar í Borgarnesi var maðurinn einn í bílnum. Billinn er ónýtur. Læknir kom á staðinn og leit á manninn, en ekki þótti ástæða til að færa hann á spítala.

### SLÖKKVILIÐ

#### Eldur á menningarnótt

Slökkvilið var kallað til þegar eldur kom upp í rusli við Laugaveg 7 um klukkan tvö í fyrrinótt. Eldurinn hafði læst sig í einangrun hússins en vel gekk að slökkva hann. Talsverður erill var um nóttina í sjúkraflutningum.



Á MIKLATÚNI Aðstandendur menningarnætur segja hafa skipt sköpum að dreifa dagskrá hátíðarinnar líkt og gert var í ár.

FRÉTTABLAÐIÐ/HÖRÐUR

## Dreifing gesta í miðborginni bar árangur

Lögregla og aðstandendur menningarnætur eru sammála um að dreifing gesta um borgina með tónleikum á Miklatúni hafi haft góð áhrif. Engin stórmál komu upp þrátt fyrir mikinn mannfjölda og talsverða ölvun.

**REYKJAVÍK** „Við erum ofsalega ánægð,“ segir Sif Gunnarsdóttir, viðburðastjóri menningarnætur, um það hvernig til tókst með hátíðina í ár. „Dagskráin gekk mjög vel og við, lögreglan og aðrir öryggisaðilar erum sammála um að þessi breyting, að teygja á hátíðarsvæðinu með því að hafa tónleika á Miklatúni, geri það að verkum að það létti á miðborginni og úr varð betri hátíð fyrir alla. Og það er auðvitað gleðilegt þegar allir geta skemmt sér.“

Um þrjátíu þúsund manns voru á tónleikunum á Miklatúni þegar mest var, og eftir að dagskrá menningarnætur lauk voru um fimmtán þúsund manns í miðbænum. Að sögn lögreglu er þetta síst minna en verið hefur undanfarin ár.

Varðstjóri lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu segir nóttina hafa gengið afar vel og hafi í raun verið



ÖFLUG GÆSLA Öflug gæsla var í miðbænum á menningarnótt og var lögregla ánægð með hvernig gekk þrátt fyrir að ölvun væri mikil.

FRÉTTABLAÐIÐ/ÖRLYGUR HNEFILL

áþekk hefðbundinni helgarnótt. Engin stórmál hafi komið upp og engin alvarleg líkamsárás tilkynnt.

### ÖLVÆÐIR ÁNÆGÐIR MEÐ AFSKIPTI LÖGREGLU

Geir Jón Þórisson yfir-lögregluþjónn annaðist löggæslu í miðbænum fram undir morgun. Hann segist geta verið kátur með nóttina. „Þetta fór mun betur fram nú en allavega síðustu tvö ár þegar mest var að gera hjá okkur.“

Geir Jón segir dreifingu atriðanna hafa breytt miklu. „Það var mun léttara á miðborginni,“ segir hann. „Fólk gat hreyft sig betur, það var mjög góður andi í fólk og allir ánægðir með dagskrána.“

Hann segir að þegar fólk tók að streyma úr miðbænum að lokinni



GEIR JÓN ÞÓRISSON

flugeldasýningu hafi gengið vel að liða fyrir umferð vegna dreifingarinnar.

Geir Jón stóð svo vaktina ásamt öðrum lögreglu-mönnum fram eftir nóttu. „Fólk var í mjög góðu skapi þótt ölvun hafi verið töluverð.“ Hann fann fyrir ánægju með mikinn sýnileika lögreglu. „Margir höfðu orð á því við okkur, þegar við höfðum afskipti

af einhverjum ef þeir höguðu sér ekki nógu vel, að þeir væru nú bara ánægðir með að lögreglan væri á staðnum og hefði afskipti af þeim.“

www.visir.is

# Hvað er að fréttu?

Fréttastofa beintengd við tölvuna þína

# -2kr.



Sæktu um ÓB-lykilinn á [www.ob.is](http://www.ob.is)



[www.ob.is](http://www.ob.is)

stigur@frettabladid.is

# Mikið úrval af skólatöskum fyrir stelpur og stráka

JÓNSSON & LE' MACKS • J.Í.Í.S. • SÍA



Bakpoki 15 ltr./bleik kisa **10.980 kr.**

JE313-48

Bakpoki 18 ltr./bleik stelpa **10.980 kr.**

JE308-46

Bakpoki 15 ltr./bleik stelpa **10.980 kr.**

JE313-46

Bakpoki 22 ltr./bleik prinsessa **9.980 kr.**

OLB130221

Bakpoki 28 ltr./rauður **8.980 kr.**

OLB5640281

Bakpoki 18 ltr./rautt hjarta **10.980 kr.**

JE40168

Sundpoki, margir litir **Verð frá 845 kr.**



Bakpoki 18 ltr./svartur **10.980 kr.**

JE40171

Bakpoki 30 ltr./svartur m/orange **8.980 kr.**

OLB56501

Bakpoki 30 ltr./svartur **11.980 kr.**

OLB23130

Bakpoki 12 ltr./svartur fótbolti **9.980 kr.**

OLB427120

Bakpoki 22 ltr./svartur bíll **9.980 kr.**

OLB130220

Bakpoki 28 ltr./svartur graffiti **8.980 kr.**

OLB5640280

**Ertu tilbúin/nn í skólann?**

## VEISTU SVARID?



1. Hvaðan er Simon Tonui, sigurvegari Reykjavíkurmaraþoni karla?
2. Hver hefur ákveðið að gefa kost á sér til formanns Sambands ungra sjálfstæðismanna?
3. Hvert fór Angela Merkel, kanslari Þýskalands, til að kynna sér áhrif gróðurhúsalofttegunda á jökla?

Aron Pálmi Ágústsson frjáls maður og kemur heim til Íslands á sunnudaginn:

## Sigraðist á bandaríska kerfinu

**FÓLK** „Um leið og ég lendi ætla ég að fara að leiði ömmu minnar. Draumur hennar var að fá mig heim til Íslands en hún lést áður en sá draumur varð að veruleika,“ segir Aron Pálmi Ágústsson.

Aron Pálmi kemur heim til Íslands á sunnudaginn. Hann hlaut tíu ára refsisdóm þegar hann var þrettán ára gamall fyrir brot sem hann framdi þegar hann var sjálfur ellefu ára gamall. Aron Pálmi dvaldi í sjö ár í Giddings-barnafangelsinu í Texas og hefur verið á reynslausn með takmarkað ferðafrelsi og gps-staðsetningartæki um



ARON PÁLMI ÁGÚSTSSON

öklann síðan hann losnaði úr fangelsinu. Staðsetningartækið var fjarlægð í fyrradag og hann

hefur nú öðlast fullt frelsi á ný. „Ég er mjög spenntur að vera frjáls. Ég sigraðist á kerfi sem hét því að sigrast á mér. Þegar maður er í stofufangelsi er alveg eins og heimurinn stöðvist og þá festist maður í sama farinu. Nú finnst mér allt vera öðruvísi og nýtt,“ segir Aron Pálmi.

Hann segist hafa beðið lengi eftir þessum degi en frelsistilfinningin sé samt allt önnur en hann bjóst við. „Ég er ekki bara glaður heldur líður mér eins og barni. Fólk hlær að mér því ég verð til dæmis mjög spenntur yfir einföldum hlut eins og búðarferð,“ segir Aron Pálmi. - lbb

Tyrkneskur bílstjóri stöðvaður: 50 kíló af heróíni í bílnum

**BÚLGARÍA, AP** Tollyfirvöld í Búlgaríu fundu 50 kíló af heróíni í flutningabíl á fimmtudagskvöld.

Landamæralögregla stöðvaði manninn, sem er Tyrki en ók rúmönskum flutningabíl. Hann var á leið frá Tyrklandi til Búlgaríu þegar efnin fundust og var handtekinn. Rannsókn málsins stendur nú yfir.

Búlgaría fékk inngöngu í Evrópusambandið í janúar og hefur aukið landamæraeftirlit í samræmi við reglur sambandsins, og til að minnka eiturlyfjasmýgl af þessu tagi.

- þeb



**TUNNAN UMDEILDA** Stjórnarformaður Gámaþjónustunnar segir óeðlilegt að tunnugjaldið leggjast beint ofan á fasteignagjald og borgin sleppi þannig við að greiða virðisaukaskatt. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Gámaþjónustan:

## Segja borgina brjóta lög

**REYKJAVÍK** „Okkur finnst óeðlilegt að borgin komi inn á markaðinn og ætli sér ekki að lúta sömu reglum og aðrir,“ segir Elías Ólafsson, stjórnarformaður Gámaþjónustunnar. Reykjavíkurborg selur nú sérstakar bláur ruslatunnur undir pappír. Gámaþjónustan hefur boðið til leigu tunnu sem meðal annars þjónar sama tilgangi.

Elías segir borgina innheimta gjaldið fyrir tunnuna beint gegnum fasteignagjaldið, og sleppa þannig við að greiða virðisaukaskatt. „Þannig hafa þeir tuttugu prósentu forskot á aðra á markaðnum þegar kemur að verðlagningu.“ Forsvarsmenn Gámaþjónustunnar telja líklegt að fyrirkomulagið brjóti gegn samkeppnislöggjöf og hafa leitað á náðir lögráðingja til að fá úr skorið um réttarstöðu fyrirtækisins. - jsk

# Átta látnir í fellibylnum

Fellibylurinn Dean hefur farið yfir Karíbahafið síðustu daga. Tjón er talið nema hundruðum milljónum dollara. Ferðamenn og íbúar hafa verið fluttir þúsundum saman í varúðarskyni. Fer yfir Mexíkó í dag.

**KARÍBAHAFIÐ, AP** Að minnsta kosti átta manns hafa látið lífið í fellibylnum Dean á yfirreið hans yfir nokkrar af eyjunum í austanverðu Karíbahafinu síðustu daga. Tjón af völdum fellibylsins er talið nema hundruðum milljónum dollara. Yfirvöld á Kúbu, Haítí, Dómíníkanska-Lýðveldinu og fleiri eyjum í Karíbahafinu hafa flutt fleiri þúsundir manna frá ýmsum svæðum á eyjunum: fimmtíu þúsund manns voru til dæmis fluttir frá þremur héruðum á Kúbu. Tíu Íslendingar flúðu frá Cancún til Mexíkóborgar í gær.

Fellibylurinn fór yfir Jamaíka í gærkvöldi á 230 kílómetra hraða á klukkustund. Forsætisráðherra landsins, Portia Simpson Miller, bað eyjarskeggja að vera ekki nærri ströndinni og leita skjóls í þeim þúsund neyðarskýlum sem hafa verið útbúin á eyjunni. „Þetta verður mjög, mjög alvarlegt,“ sagði Jamaíkabúinn, Lawrence Samuel, í gær þar sem hann keypti neyðarbirgðir í kjörbúð á eyjunni. Flugvöllurinn á Jamaíka var lokað síðdegis í gær.

Fellibyljamiðstöðin í Miami segir að bylurinn muni ná fimmtu gráðu – fellibylir verða ekki kraftmeiri en það – áður en hann ríður yfir á Jukatánskaga í Mexíkó í kvöld eða á morgun. Neyðarástandi hefur verið lýst yfir í Mexíkó.

Flugvöllurinn í Cancún var fullur af ferðamönnum í gær sem vildu komast frá borginni. Eva Sólán, Íslendingur sem var staddur í Cancún í gær, sagði að uppþokað væri í allar flugvélar frá borginni. Líklegt þykir að fellibylurinn muni fara framhjá Cancún. Yfirvöld í landinu fluttu íbúa Mexíkó frá ströndum landsins sem liggja að Karíbahafinu.



LEITA SKJÓLS Fjölskyldur leita skjóls í skóla í Pedernales á Santó Dómingó í gær.

FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Íbúar í Texas í Bandaríkjunum byrjuðu auk þess að búa sig undir komu fellibylsins í gær og voru íbúar við landamæri Mexíkó hvattir til að yfirgefa heimili sín. Íbúar í New Orleans voru einnig byrjaðir að undirbúa brottför frá borginni, minningin um fellibylinn Katrínu er

þeim sennilega enn í fersku minni. Vindhraði náði 123 kílómetra hraða á klukkustund í Oklahoma í gær.

Talið er að fellibylurinn muni valda enn frekari skaða áður en yfir líður.

ingifreyr@frettabladid.is

## Gleðilegar ræstingar

– og farsælan vinnudag!

Á tilboði í ágúst 2007  
Öflugar gólfþvottavélar  
frá TASKI

### TASKI swingo 450 B

Einstaklega lípur vél sem hentar á svæðum þar sem aðkoma er þröng. Vél sem kemur á óvart!

Raunhæf afköst 450 m<sup>2</sup>/klst  
Reiknuð afköst 1250m<sup>2</sup>/klst

399.384 kr.



### TASKI swingo 750 B

Lítill og nett, en afkastamikil vél með innbyggðu hleðslutæki sem hindrar afhleðslu rafgeyma.

Raunhæf afköst 750 m<sup>2</sup>/klst  
Reiknuð afköst 1935m<sup>2</sup>/klst

499.396 kr.



Eigum einnig til notaðar vel meðfarnar TASKI gólfþvottavélar, nýkomnar úr 3ja ára rekstrarleigu frá viðskiptavinum RV. Tækifæri til að gera ótrúlega góð kaup.

### Rekstrarvörur

- vinna með þér

Réttarhálsi 2 • 110 Reykjavík  
Sími: 520 6666 • Fax: 520 6665  
sala@rv.is • www.rv.is



PRÍUS OG TEITUR Teitur Þorkelsson, framkvæmdastjóri Framtíðarorku, ásamt Toyota Prius-bíl, sem til stendur að breyta í tengitvinnbíl.

FRÉTTABLAÐIÐ / HÖRÐUR

Ráðstefna um notkun visthæfra orkugjafa:

## Fyrstu etanólbílarinnir eru á leið til landsins

**UMHVERFISMÁL** Til landsins eru á leiðinni 2000 lítrar af etanóli, eða vínanda, sem nota á sem eldsneyti á fyrstu etanólbílanum á Íslandi. Þá hyggst Orkustofnun breyta tvinnbíl af gerðinni Toyota Prius í svokallaðan tengitvinnbíl, sem hægt er að stinga í samband eins og öðrum heimilistækjum. Bílarinnir voru sýndir á Hótel Nordica í gær, þegar kynnt var ráðstefna um vistvænar lausnir í samgöngum sem haldin verður um miðjan næsta mánuð.

Að sögn Teits Þorkelssonar, framkvæmdastjóra Framtíðarorku, verður etanólið sem flutt verður inn blandað bensini að fimmtán prósentum. Enn er þó óljóst hvernig etanólið og etanólbílarinnir verða skattlagðir.

Fram kom á fundinum að margir

sæju tengitvinnbíla fyrir sér sem bestu lausnina fyrir samgöngur á Íslandi. Fullur rafgeymir dugir í 120 kílómetra akstur, og jafnframt er mögulegt að knýja hann með bensíni.

Reykjavíkurborg er meðal bakhjarla verkefnisins. „Það er óvída í heiminum þar sem samgöngur menga jafnmikið og hér,“ sagði Gísli Marteinn Baldursson, formaður umhverfissráðs borgarinnar, á fundinum. „Við getum snúið þessu við.“

Á ráðstefnunni sem haldin verður um miðjan september munu sérfræðingar frá sex löndum fjalla um möguleika á notkun visthæfs eldsneytis á Íslandi. Þá munu Verkfræðistofnun Háskóla Íslands og Orkuveitan standa fyrir samkeppni um það hvaða bíll notar minnsta orku. - sh

Vínbúðin í Austurstræti:


## Orð borgarstjóra oftúlkuð

**REYKJAVÍK** Orð Vilhjálms Vilhjálmssonar borgarstjóra voru oftúlkuð þegar sagt var frá því í fjölmiðlum að borgarstjóri vildi vínúð ÁTVR burt úr Austurstrætinu.

Þetta segir Jón Kristinn Snæhólm, aðstoðarmaður borgarstjóra. „Borgarstjóri sagðist ekki myndu gráta það ef vínúðin færi úr Austurstrætinu. Hann sagðist hins vegar aldrei vilja losna við búðina, enda er það ekki hans að taka ákvörðun um slíkt. Það er stór munur á þessu tvennu,“ segir Jón Kristinn.

Að sögn Jóns Kristins vildi borgarstjóri beina athygli að þeim vandamálum sem skapast þegar ógæfufólk safnast saman niðri í miðbæ og angrar vegfarndur með betli og drykkjulátum. „Þetta er ekki sú ásýnd sem er æskileg á miðborginni,“ segir Jón Kristinn Snæhólm.

VILHJÁLMS P. VILHJÁLMSSON



- jsk



ÞÚ ERT  
LEIKSTJÓRINN  
Í ÞÍNU LÍFI

ENNEMM / SJA / NM20349

**HVAÐ** VILTU VERÐA? **HVAÐ** VILTU LÆRA? **HVERT** VILTU FARA?

ÞÚ ERT LEIKSTJÓRINN Í ÞÍNU LÍFI, OG ÞAÐ ER SAMA **HVAÐA** HLOTVERK ÞÚ VELUR, **KAUÐÞING** STENDUR MEÐ ÞÉR.

**KAUÐÞING** BÝÐUR ÞJÓNUSTU SEM ER SNIÐIN AÐ ÞÖRFUM UNGS FÓLKS.

**KANNAÐU** MÁLIÐ Á [WWW.KAUÐÞING.IS/UNGTFOLE](http://WWW.KAUÐÞING.IS/UNGTFOLE) EÐA HRINGDU Í SÍMA 444 7000.

**HVERT ER ÞITT HLOTVERK?**



**KAUÐÞING**

*Hugsum lengra*



**ÁNÆGÐIR NEMENDUR** Nemendur víðs vegar um Bretland fengu niðurstöður úr stúdentsprófum sínum í gær. Prófin, sem nefnast A-level próf, skera úr um framtíð nemendanna. Vilji þeir komast í góða háskóla er nauðsynlegt að standa sig vel. Þessar stúlkur voru bersýnilega ánægðar með árangurinn.

NORDICPHOTOS/GETTY

## Milliríkjadeila Rússa og Breta: Loka fyrir útsendingar BBC

**MOSKVA, AP** Rússnesk yfirvöld lokuðu fyrir útsendingar BBC World Service á FM-tíðni í



VLADÍMÍR PÚTÍN

Rússlandi á föstudag. BBC getur enn þá sent út á langbylgju og á netinu í landinu. Flestir þeirra Rússa sem fylgjast með daglegri dagskrá BBC hlusta á

stöðina á FM-tíðni. The Sunday Times greindi frá.

Með því að loka fyrir FM-útsendingar BBC er talið að rússnesk yfirvöld séu enn að refsa Bretum fyrir að hafa vísað fjórum rússneskum diplómötum úr landi fyrr í sumar. Lokunin fylgir þeirri stefnu Vladímírs Pútíns Rússlandsforseta að koma í veg fyrir útsendingar gagnrýnna og sjálfstæðra fjölmiðla í landinu.

- ifv

## MIÐ-AUSTURLÖND

### 100 ákærðir í Líbanon

Yfirvöld í Líbanon hafa ákært yfir eitt hundrað manns fyrir hryðjuverkastarfsemi. Eru hinir ákærðu sakaðir um að vera meðlimir í samtökunum Fatah Islam sem hafa átt í átökum við her landsins undanfarna þrjá mánuði.

Eldra fjallgöngufólk sem reynir við Everst-tind:

## Í mun meiri hættu

**VÍSINDI** Fólk sem er 60 ára og eldra er þrisvar sinnum líklegra til að deyja við að reyna að klífa Everest-tind heldur en yngra fólk. Þetta kemur fram í nýrri rannsókn sem vísindamenn við Washington-háskóla unnu.

Rannsókuðu þeir 2211 fjallgöngumenn frá árinu 1953, þegar byrjað var að klífa fjallið, til ársins 2006. Alls hafa 85 manns yfir sextugu reynt að komast á tindinn. Fjórir þeirra hafa dáið og aðeins tólf hafa komist alla leið. Dánartíðnin er 4,7% í þessum aldurshópi, sem er töluvert hærra tíðni en hjá yngri fjallgöngu-

mönnum. Segja vísindamennirnir niðurstöðu rannsóknarinnar afar mikilvæga því sífellt fleiri yfir sextugu reyni að klífa Everest.

Í maí síðastliðnum varð 71 árs gamall japanskur maður elsta manneskjan til að sigrast á tindinum. Sú yngsta er aftur á móti fimmtán ára sherpa-stúlka.

**MOUNT EVEREST** Sífellt eldra fólk reynir að klífa hæsta fjall veraldar Mount Everest.



# Á fjórða hundrað manns hafa verið berklaskoðaðir í ár

Brátt verður búið að berklaskoða á fjórða hundrað einstaklinga á landinu, í kjölfar tveggja smitandi berklatilfella á árinu. Rannsókn vegna berkla á Kárahnjúkum stendur enn yfir.

**HEILBRIGÐISMÁL** Þrír sjúklingar hafa greinst með berkla á Íslandi, það sem af er árinu og er það ívið minna en í meðalári.

Í ár hefur hins vegar þurft að gera óvenju umfangsmiklar rannsóknir í kjölfar tveggja greininganna, til að ganga úr skugga um hvort fleiri hefðu smitast. Á fjórða hundrað einstaklinga verða skoðaðir í þeim, en önnur þeirra stendur enn yfir.

Haraldur Briem sóttvornarlæknir segir fjöldakannanir vegna berkla ekki óalgengar meðal heilbrigðisstarfsmanna, til að mynda á Landspítalanum. Stórar fjöldarannsóknir utan þeirra séu þó sjaldséðari.

„Fyrir nokkrum árum var heilmikil könnun gerð í skólum og víðar í Grafarvogi, þannig að þetta er ekki óvenjulegt. En þetta er í meira lagi í ár,“ segir hann.

Í nýjasta hefti Farsóttáfrétta Landlækniseimbættisins kemur fram að rannsókn vegna berklatilfella við Kárahnjúka í maí standi enn yfir. Lokið hafi verið við rannsókn á 68 starfsmönnum af 159. Könnun á starfsmönnum við



**FJÓRÐUNGSSJÚKRAHÚSIÐ Í NESKAUPSTAÐ** Enn er kannað hvort starfsmenn sjúkrahússins hafi smitast af starfsmanni af Kárahnjúkum sem dvaldist þar í upphafi veikinda sinna í maí.

MYND/KRISTÍN SVANHVÍT

Fjórðungssjúkrahúsið á Neskaupstað, þar sem berklasjúklingurinn naut aðhlynnningar, stendur jafnframt enn yfir.

Ekkert bendir til að sjúklingurinn hafi smitað frá sér.

Hin fjöldarannsókn ársins var vegna smitandi berkla í 84 ára gömlum vistmanni á elliheimili norður í landi. Þá voru alls 157 rannsakaðir, þar af 93 heilbrigðisstarfsmenn, 39 aðstandendur og 25 vistmenn. Niðurstöður benda til að enginn hafi smitast.

„Þetta sjáum við af og til að óvænt greinist gamalt fólk með



HARALDUR BRIEM

berkla. Það eru leifarnar af þessum stóra berklafaraldri okkar hér fyrir á árum og við erum að sjá í skottið á honum. Það er þá fólk sem hefur borið þetta í öll þessi ár en aldrei orðið veikt.“

Haraldur segist oft heyra þá kröfu út undan sér að allir útlendingar verði rannsakaðir við komu til landsins, vegna smitsjúkdóma.

„En við höfum auðvitað engin tök á því að skoða þessa hálfu milljón útlendinga sem kemur hingað á ári sem ferðamenn. Besta ráðið er að hafa góða heilsugæslu sem er fljót að bregðast við og átta sig á aðstæðum,“ segir hann.

Ekki þótti ástæða til að gera veður út af þriðja tilfelli sem greindist á árinu, enda var ekki smithætta af því.

klemens@frettabladid.is

# Síðan skín sól

Verðdæmi:

**Sólarlottó til Tenerife**

**21. og 28. ágúst**

Verð frá:

**39.900\* kr.**

Þú velur áfangastað og brottfarardag og tekur þátt í lottói um hvaða gistingu þú færð!

\* Innifalið í verði: Flug, flugvallarskattar, gisting og íslensk fararstjórn. Netverð miðast við að 2 ferðist saman.

Bókaðu strax á [www.plusferdir.is](http://www.plusferdir.is)

[www.plusferdir.is](http://www.plusferdir.is)

PLUSFERÐIR - Lágmiða 4 - 105 Reykjavík - Sími 535 2100



**SNÚINN Í GÖTUNA** Maðurinn ætlaði að lúskra á sambýlismanni fyrrverandi eiginkonu sinnar.

Fylgdust forviða með handtöku í rólegu íbúðahverfi:

## Handtekinn vegna hótana í Hafnarfirði

**LÖGREGLUMÁL** „Þetta var voðalegur hasar og við vissum ekkert hvað gekk á þegar lögreglan kom brunandi inn götuna,“ segir íbúi við Miðvang í Hafnarfirði sem fylgdist með handtöku út um gluggann hjá sér um miðjan dag á föstudag.

Að sögn lögreglu hafði maðurinn sem handtekinn var haft í hótunum við sambýlismann fyrrverandi eiginkonu sinnar. Maðurinn kvaðst vera á leiðinni til að lúskra á honum svo húsráðendur þorðu ekki annað en kalla til lögreglu. Maðurinn var stöðvaður í bíl sínum, handtekinn og færður á lögreglustöð þar sem honum var sleppt að lokinni skýrslutöku.

Að sögn lögreglu var hann allsgáður og ekki undir áhrifum fíkniefna.

- sbt

Óeirðir í Danmörku:

## Leiðtogi nasista handtekinn

**DANMÖRK** Danski nýnasistaleiðtogi Jonni Hansen, sem handtekinn var á laugardag fyrir ofbeldi gegn lögreglunni, segir lögregluna eiga sök á því hvernig fór. Nasistar efndu til göngu til að minnast nasistaleiðtogans Rudolfs Hess í bænum Kolding en sú ganga endaði með hópslagsmálum nasista og andstæðingum þeirra.

Hansen sagði við yfirheyrslu að vegna þess að lögreglan hefði ekki gripið inn í þegar andstæðingar nasista hófu að kasta steinum og eggjum í þá hefðu þeir neyðst til að verja sig. Dómari komst þó að annarri niðurstöðu en Hansen eftir að hafa hlýtt á framburð vitna að því er fram kemur í Berlingske Tidende.

Búist er við að Hansen fái 60 daga fangelsisdóm en hann situr nú í gæsluvarðhaldi. Þar situr einnig félagi hans sem sakaður er um að hafa ítrekað sparkað í áhorfanda að göngunni.

- sbt

## BANDARÍKIN

### Billy á batavegi

Sjónvarpspreddikarinn Billy Graham er á batavegi eftir að hafa verið lagður inn á sjúkrahús vegna innvortis blæðinga. Ekki er talið að hinn 88 ára Graham hafi verið í lífshættu en hann þjáist af Parkinson-veikinni.



# Sölumenn sagðir hafa féflett varnarlausa stúlku

Móðir sextán ára lögblindrar og seinfærrar stúlku furðar sig á því að sölumenn hafi selt henni snyrtivörur fyrir yfir hundrað þúsund krónur. Lögfræðingur hjá Blindrafélaginu segir söluhættina óeðlilega.

**VÍÐSKIPTI** „Ég var alveg í sjokki þegar ég heyrði þetta. Maður sér strax að hún er ekki alveg heil. Konurnar í Blindrafélaginu brugðust sem betur fer skjótt við þegar þær sáu draslið sem hafði verið prangað inn á hana,“ segir Sólveig Davíðsdóttir, móðir sextán ára lögblindrar og seinfærrar stúlku, sem voru seldar snyrtivörur fyrir 109 þúsund í söluvagninum Unicom í Kringlunni.

Sólveig segir stúlkuna hafa verið að bíða eftir liðsmanni frá Blindrafélaginu í Kringlunni. Á meðan hún beið ákvað hún að kaupa húðkrem handa sér og móður sinni fyrir tíu þúsund krónur. „Það var í sjálfu sér allt í lagi en sölukonan lét ekkert þar við sitja heldur hélt áfram og tók aftur út af kortinu hennar. Síðasta færslan nam um 88 þúsundum króna. Dóttir mín skildi lítið í því sem fram fór, sérstaklega þar sem sölukonan talaði bara ensku og það máli skilur dóttir mín ekki,“ segir Sólveig.

Liðsmaður stúlkunnar frá Blindrafélaginu brást skjótt við þegar hún sá allar þær vörur sem stúlkunni höfðu verið seldar. Enda stúlkun í öngum sínum vegna þessara kaupa en vissi ekki hvernig hún átti að bregðast við. Krafðist liðsmaðurinn þess að peningarnir sem teknir höfðu verið út af kortinu í seinni skiptin yrðu bakfærðir.

Sölumennirnir sögðu það ekki mögulegt strax. Lögfræðingur frá Blindrafélaginu hafði þá samband við framkvæmdastjóra Kringlunnar og greindi frá vinnubrögðum sölumannanna og bað hann um að vera stúlkunni innan handar yrðu peningarnir ekki endurgreiddir. Það félli ekki undir eðlileg vinnubrögð að nýta sér aðstæður eins og gert hafði verið í þessu til-



**SÖLUBÁSINN Í KRINGLUNNI** Liðsmaður stúlkunnar krafðist þess að peningarnir yrðu bakfærðir enda var stúlkun í öngum sínum.

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman





**VÍSIR.IS**  
Fyrstur með fréttirnar

Reyfi 2007

MENNINGARGNÆÐ  
NORRÆNA HÚSIÐ  
18. - 26. ÁGÚST 2007

MÁNUDAGUR 20. ÁGÚST

LISTSÝNINGAR ALLA DAGA  
Á MEÐAN Á HÁTÍÐinni  
STENDUR:  
HÖNNUNARSÝNING FRÁ  
ÁLANDSEYJUM  
LJÓSMYNDASÝNING UM  
ARKITEKTÚR  
LJÓSMYNDASÝNING  
REBEKKU  
GUÐLEISFDÓTTUR  
GLOBAL VILLAGE  
HEIMSPORP  
"SKÖPUN ÚR RUSLI" OG  
LJÓSMYNDASÝNING  
VINNUSKÓLA REYKJAVÍKUR  
SÝNING Á VERKUM  
LEIKSKÓLABARNA

GLERSKÁLI:

KL. 20:00  
KÍNVERSKUR SVERÐDANS

TÓNLEIKAR:

KL. 20:30 ET TUMASEN  
KL. 21:30 SEABEAR  
KL. 22:45 ANE BRUN

NORRÆNA HÚSIÐ:

KL. 12:00 - 18:00  
KVIKMYNDIR UM HÖNNUN  
KL. 18:00  
SUZANNE OSTEN OG  
ANN-SOFIE BÄRÄNY  
HALDA FYRIRLESTUR UM  
LEIKRITABERG FÜRIR  
SMÁBÖRN  
KL. 20:00  
FINNSKA KVIKMYNDIN  
JADE WARRIORS



WWW.NORDICE.IS - WWW.REYFI.IS



LEIKLIST Tveir af þriggja manna hóp í Rimini-Protokoll á listahátíð á Zagreb í fyrra.

## Leikstjórar halda námskeið hjá LHÍ

Í kvöld kl. 20 fjallar þýska leikstjórategmið Rimini Protokoll um verk sín og aðferðir í húsnæði leiklistardeildar Listaháskóla Íslands að Sölvhólgötu 13. Rimini Protokoll hefur vakið mikla eftirtekt í Evrópu fyrir sviðsetningar sínar á undanförunum árum. Frá stofnun teymisins árið 2000 hefur Rimini Protokoll unnið framsæknar sýningar á mörkum raunveruleika og leiks.

Í fyrirlestrinum verður fjallað um verk þeirra „Deadline“ frá árinu 2004, en sú sýning vakti verulega athygli á hópnum og var þeim í kjölfarið boðið á hina virtu leiklistarhátíð Berliner Theater-treffen. Í „Deadline“ stóðu einstaklingar á sviðinu sem allir unnu á einhvern hátt í snertingu við dauðann: útfararstjóri, krufningalæknir, fjöllumleikari sem vann fyrir sér við að spila við útfarir, maður sem tók að sér að skrifa minningargreinar fyrir fólk og

fleiri. Sögum og reynslu þessara einstaklinga var fléttað saman í áhrifamikla leiksýningu, sem tók á umgengni mannsins við dauðann með margvíslegum hætti.

Hver sýning Rimini Protokoll gengur með þessum hætti út frá ákveðnu þema, þar sem leitað er til „sérfræðinga“ á afmörkuðu sviði, fólks sem með einhverjum hætti tengist því þema sem unnið er út frá. Á bak við teymið Rimini Protokoll standa Helgard Haug og Daniel Wetzel. Þeir eru hér til að stýra vinnustofu á vegum námsbrautarinnar Fræði og framkvæmd sem er starfandi innan Listaháskólans og á laugardag 25. ágúst kl. 17 sýna nemendur þeirra afrakstur vinnunnar á sérstakri sýningu í húsnæði leiklistardeildar Listaháskólans að Sölvhólgötu 13. Meðan beðið er fyrstu opinberu sýningar þeirra hér á landi geta áhugasamir litð á vefinn [www.rimini-protokoll.de](http://www.rimini-protokoll.de) - pbb

Auglýsingasími

512 50 50

- Mest lesið

## Ný bók frá Einari

Einar Guðmundsson rithöfundur hefur sent frá sér nýja bók, sem ber heitið „Eitthvað annað“.

Einar Guðmundsson hefur um langt árabil verið búsettur í Þýskalandi en hann setti sinn svip á menningarlíf hér í Reykjavík og var virkur í starfi SUM á sínum tíma. Skáldsögur hans frá þeim árum Lablaða hergula og fleiri voru raunar einu ritverkin sem komu út í tengslum við SUM og hafa illu heilli verið sniðgengnar af bókmenntafræðingum. Einar hefur haldið áfram að skrifa í útleð sinni: sendi frá sér tveggja binda ritverk, Innan hornklofa, fyrir þremur árum og Hornklofaljóð í fyrra. Hann gefur verk sín út á eigin forlögum. Eitthvað annað er 240 bls., prentuð í München og gefin út af Silver Press.

Einar segir bók sína vera Hugrenningabók: „Maður á minningargreinaaldri sezt niður og skrifar hugrenningabók. — Hugrenningar um gengna samferðamenn. — Upphaflega átti bókina að heita „Jón og Steinar eða Steinar og Jón“ vegna kynna minna af tilteknum persónuleikum, sem ég hafði oft látið mig dreyma um að segja frá. En það sem hrinti mér af stað var „Bláa bókinn“ eftir August Strindberg, sem ég rakst á nýendurútfærna í bókabúð í München. Var það lúxusútgáfa, 7000 númeruð eintök, og það sem gerði útslag var, að eintak


það er ég hafði undir höndum þar pin-númerið á bankakorti mínu.“

Í verkum sínum á áttunda áratugnum greip Einar til samferðamanna sinna og gerði úr þeim sögupersónur og virðist enn við sama heygardhornið: „Ég sökk á bóla-kaf í 40 ára minningarót og svamlaði í hálfgleymdum atburðum og fyrirboðum. Fikraði mig eftir slóðanum, Jón, Steinar, Bugði, Jón – en skyndilega var ég staddur á botni ókláraðrar og misheppnaðrar skáldsögu, er ég hafði þá hætt við. Þetta var „bókin sem ég gekk aldrei með í maganum“ og fjallaði um kunningja er svipt hafði sig lífi. Áður hafði ég lofað honum að segja satt og rétt frá öllu og draga ekkert undan, en ég lenti í óttalegum úti-stöðum við sannleikann.“

Jafnframt hélt skáldið viðburðadagbók meðan á ritunartíma verksins stóð 2006 og kom þar margt við sögu: „Þar safnaði ég m.a. saman tilfallandi smágreinum mínum er urðu til í þessari tímans rás og hugleiðingar um hana, rásina – blaða-frásagnir þýzkra stórblaða um Ísland og Íslendinga: brottför bandaríska hersins af landinu og sjökki ráðamanna í því sambandi, sagði frá heimsókn þýzka matar-páfans Wolfram Siebeck til Íslands; líka er fjallað um sorglega stöðu umhverfisverndarmála og hvala-dráp.“

Frekar verður fjallað um verkið á þessum vettvangi þegar Eitthvað annað hefur borist til landsins.

pbb@frettabladid.is



BÓKMENNTIR Einar Guðmundsson rithöfundur.

**SO YOU THINK YOU CAN DANCE**

**ÞAÐ HEITASTA FRÁ NEW YORK! EINUNGIS ÞESSA HELGI! 100% SKEMMTUN LOFAÐ!!!**

**VILT ÞÚ EIGA SJÓÐHEITAN DANSTÍMA MEÐ DAN KARATY?**

Margverðlaunaður danshöfundur og einn af dómurum So You Think You Can Dance

**DANSFESTIVAL DWC 25.-26. ÁGÚST**

Dan Karaty kemur sérstaklega á vegum:

Hefur hljótið American Dance Music Awards og MTV Awards, sem besti danshöfundurinn.

Danshöfundur m.a. Jessica Simpson, Kylie Minogue og Britney Spears.

**DANSGLEÐI með:**

**NÁMSKEIDIN ERU FYRIR ALLA! SKIPT Í BYRJENDA- OG FRAMHALDSHÓPA**

Allar nánari upplýsingar í síma 553 0000 í World Class, Laugum. Sjá einnig [www.worldclass.is](http://www.worldclass.is)



# Bestu kaupin?

Já, enda einhverjar mest keyptu haglabyssur síðustu ára  
Vaxtalausar raðgreiðslur til 12 mánaða



**Stoeger 2000 Synthetic**  
hálfjálfvirk, bakslagsskift byssa með snúningsboltanum frá Benelli og skiptibúnaði frá Franchi.  
26" hlaup, 5 þrengingar, ólarfestingar og byssupoki. Stoeger er í eigu Beretta.  
**Aðeins 54.900.- stgr. eða vaxtalausar raðgreiðslur til 12 mánaða.**



**Stoeger 2000 Standard**  
Hálfjálfvirk, bakslagsskift byssa með snúningsboltanum frá Benelli og skiptibúnaði frá Franchi.  
26" hlaup, 5 þrengingar, ólarfestingar og byssupoki. Stoeger er í eigu Beretta.  
**Aðeins 56.900.- stgr eða vaxtalausar raðgreiðslur til 12 mánaða.**




**Stoeger 2000 Camo**  
Hálfjálfvirk, bakslagsskift byssa með snúningsboltanum frá Benelli og skiptibúnaði frá Franchi.  
26" hlaup, 5 þrengingar, ólarfestingar og byssupoki. Stoeger er í eigu Beretta.  
**Aðeins 62.900.- stgr. eða vaxtalausar raðgreiðslur til 12 mánaða.**



**Stoeger P350 Camo**  
Pumpa með snúningsboltanum frá Benelli. 26" hlaup, 3 þrengingar og byssupoki.  
Stoeger er í eigu Beretta.  
**Aðeins 39.900 stgr. eða vaxtalausar raðgreiðslur til 12 mánaða.**



**Beretta ES Synthetic**  
Hálfjálfvirk, bakslagsskift byssa frá Beretta. 26" hlaup, 3 þrengingar, byssupoki.  
**Aðeins 94.900 stgr. eða vaxtalausar raðgreiðslur til 12 mánaða.**



**Beretta ES Standards**  
Hálfjálfvirk, bakslagsskift byssa frá Beretta. 26" hlaup, 3 þrengingar, byssupoki.  
**Aðeins 96.900 stgr. eða vaxtalausar raðgreiðslur til 12 mánaða.**

Í Veiðihorninu og Sportbúðinni starfa skotveiðimenn með áralanga reynslu.  
Kíktu í heimsókn og spjallaðu við Hjölla í Veiðihorninu og Svenna í Sportbúðinni.  
Þeir aðstoða þig við rétt val skotvopna



**VEIÐIHORNIÐ**

Síðumúla 8 - Sími 568 8410  
- Veidihornid.is -

**Munið vinsælu  
gjafabréfin okkar**



**SPORTBÚÐIN**

Krókhálsi 5 - Sími 517 8050  
- Sportbudin.is -

## VISSIR ÞÚ?

Helmingur allra kvikmynda sem eru framleiddar í Hollywood komast aldeil á hvíta tjaldíð. Dýrasta mynd allra tíma er Titanic sem kostaði 200 milljónir dollara, eða um 13,6 milljarða króna. Hún hefur jafnframt hlotið flest óskarsverðlaun, eða ellefu talsins. Jafnaði hún þar met Ben Húr frá árinu 1959.

# fólk

folk@frettabladid.is

## Rómantískt frí hjá Vilhjálmi og Kate

Vilhjálmur Bretaprins og kærasta hans, Kate Middleton, eru nú í frí á eyjunni Desroches í Indlandshafi. Eyjunnarlýst sem rómantískustu eyju heims og hafa bresk dagblöð getið sér til að prinsinn hyggist nota þetta tækifæri til að biðja um hönd kærstunnar.

„Vilhjálmur vildi ólmur fá að vera einn með Kate í smá tíma. Eyjan er fullkomin fyrir það, hún er svo afskekkt. Venjulega er mikið um fólk þar í brúðkaupsferðum en þau hafa bókað alla eyjuna fyrir sig,“ segir heimildarmaður The Sun. Til þessa



hafa vinir Vilhjálms og Kate alltaf verið með í för þegar þau hafa farið í frí. Að þessu sinni voru þau ákveðin að vera í fríði.

Skötuþjún reyndu að leyna för sinni fyrir breskum götuþlöðum en árvökulast augu þeirra létu ekki blekkjast. Vilhjálmur flaug einn á áfangastað á miðvikudag en Kate degi fyrir. Vilhjálmur og Kate hafa eyjuna rómantísku út af fyrir sig í heila viku.

**HAMINGJUSÖM** Ekki er talið ólíklegt að Vilhjálmur biðji um hönd Kate í vikulöngu frí þeirra á rómantískri eyju.

NORDICPHOTOS/GETTYIMAGES

## Ný hönnun byggð á gamalli arfleifð

Eflaust hringir nafnið Andersen & Lauth bjöllum í huga einhverra borgarbúa enda var þetta nafnið á fyrsta klæðskeraverkstæðinu í Reykjavík. Hjónakornin Gunnar Hilmarsson og Kolbrún Petrea Gunnarsdóttir sem oft eru kennd við búðina GK hafa nú blásið nýju lífi í heitið og hanna draumkennda og fagra nýja fatalínu undir nafninu Andersen & Lauth. Borghildur Gunnarsdóttir spjallaði við hjónakornin um þetta nýja verkefni.

Á heimasíðu merkisins segir: „Andersen & Lauth er byggt á arfi fyrstu íslensku klæðskerabúðarinnar sem opnuð var árið 1934. Þetta er nútíma lína, byggð á gæðum og handverki með rætur í hinni lifandi lista- og tónlistarsenu Reykjavíkur.“

Það er greinilegt að hin gamla arfleifð er Gunna og Kollu kær og þau leggja áherslu á að koma fram við hana af virðingu.

„Þegar mest var voru þrjár Andersen & Lauth búðir í Reykjavík og flaggskipsbúðin var staðsett á Vesturgötu. Hún var opnuð í kringum 1960 og var þá sú stærsta í Skandinavíu. Það fóru allir Íslendingar og keyptu jakkafötin sín þarna og meðal annars faðir minn þegar ég var skírður árið 1971,“ segir Gunnar. „Þetta átti djúpar rætur í samfélaginu, allt var framleitt hérna en klæðskeraíðnin blómstraði þegar enn voru innflutningshöft á fatnaði. Því miður hvarf þessi iðn nánast þegar höftunum var aflétt.“

Hjónin kynntu sumarlínu sína fyrir næsta ár á nýafstaðinni tískuvíku í Kaupmannahöfn og að



### ANDERSEN & LAUTH

Öll umgjörð og stemning í kringum línuna er hönnuð af Gunna og Kollu og eins og sjá má á myndunum er áhersla lögð á rómantískan, hlýlegan og örlítið gamaldags stíl. Úr haustlínu merkisins sem kemur í búðir í næstu viku.



sögn þeirra var hönnun þeirra undir hinu gamla heiti afskaplega vel tekið. „Dönun hefur tekist að koma á fót sterkri tískuvíku enda er heimamarkaður þeirra einstaklega sterkur þó hann sé ekki svo

stór. Í dönskum tískuvörverslunum er um 80 prósent varanna úr heimalandinu, það er svo sterk hefð í þessum bransa. Í landinu eru margir skólar sem kenna fagið og hafa gert það í mörg ár, við

erum rétt að byrja hér á Íslandi,“ segir Gunnar en Andersen & Lauth fékk fjölda pantana frá verslunum alls staðar að úr heiminum.

Aðspurð hvaðan þau fái innblástur í hönnunina segir Kolla hana vera ansi mismunandi. „Núna fyrir sumarlínuna leituðum við í ljóst og náttúrulegt. Við erum samt að halda áfram með þessa heildarmynd og byggjum á gömlu í bland við hreinar línur.“ Að sögn Gunna nota þau mikið vísanir í gamalt handverk og leggja mikla áherslu á falleg smáatriði í flíkunum en mikið af kvenmannsfötunum eru handgerð með finlegum útsaumi. „Við fáum einnig mjög mikinn innblástur bara frá fólki og erum heppin að hitta fullt af áhugaverðu fólki í okkar starfi.“

Fyrir hverja línu hanna Gunnar og Kolla einnig fallega bók þar sem hægt er að skoða fötin og skyggast inn í draumkenndan heim Andersen & Lauth. Einnig er öll umgjörð, standar í sýningarvörum í fjölmörgum borgum í þessum sama stíl og sjá má á meðfylgjandi myndum. „Það hefur virkað vel að hafa þessa sömu stemningu gegnumgangandi í öllu og það vekur rosalega athygli og sker sig úr í hinu mikla framboði í þessum geira,“ segir Gunnar og Kolla bætir við: „Fólki finnst skemmtilegt að geta gengið inn í eins konar ævintýraheim.“

Andersen & Lauth-flíkur hafa nú verið seldar í búðir um allan heim og í næstu viku munu þær verða fáanlegar á Íslandi. „Þær verða í versluninni Maiu og einnig í herradeildinni í Bask,“ segir Kolla. Aðspurð hvað taki nú við hjá þeim segja þau: „Nú förum við í það að klára að hanna haustlínu ársins 2008. Við þurfum að koma henni frá okkur fyrir lok september svo að öll sýnishornin verði tilbúin í desember. Þá byrjar boltinn aftur að rúlla, það þýðir ekkert að stoppa.“

## París komin með nýjan

Hótelæringinn París Hilton er komin með nýjan kærasta. Sá heitir Adrian Grenier og er leikari. Þekktasta hlutverk hans er í þáttunum Entourage en hann lék líka í The Devil Wears Prada.



ADRIAN GRENIER

Ekki er langt um liðið síðan París var sögð á föstu með rokkaranum Cisco Adler sem er fyrrum kærasti Mischu Barton. Hann mun hins vegar hafa sparkað París þegar hann sá myndir af henni með Adrian.

París og Adrian hafa svo sem ekki farið leynt með samband sitt. Þau mættu saman á frumsýningu 11th Hour á dögnum og bandarískir fjölmiðlar segja hann hafa mætt oft í heimsókn til hennar á kvöldin undanfarið.

## Sigur Rós í mynd DiCaprio

Hljómsveitin Sigur Rós á lag í heimildarmyndinni 11th Hour sem hjartaknúsarinn Leonardo DiCaprio framleiðir og talar inn á. Á meðal fleiri sveita sem eiga lög í myndinni eru Coldplay og Cocteau Twins. Myndin fjallar um umhverfismál og á meðal þeirra sem tjá skoðanir sínar í henni eru Stephen Hawking, James Woolsey, fyrrum forstjóri CIA, og Mikhail Gorbachev, fyrrum forseti Sovétríkjanna.

Ekki er langt síðan Sigur Rós seldi lag sitt Popplagið í sýnishorn fyrir stórmyndina The Invasion með Nicole Kidman og Daniel Craig í aðalhlutverkum. Sveitin hefur áður átt lög við sýnishorn úr myndinni Children of Men og í Vanilla Sky


með Tom Cruise í aðalhlutverki og The Life Aquatic With Steve Zissou með Bill Murray. Einnig hafa lög sveitarinnar m.a. fengið að hljóma í sjónvarpsþættinum CSI.

Meðlimir Sigur Rósa eru um þessar mundir staddir í Los Angeles að ljúka við hljóðsetningu á tónleikamynd sinni Heima sem verður frumsýnd á Alþjóðlegu kvikmyndahátíðinni í Reykjavík 27. september. Fer myndin í almennar sýningar 5. október.

**DICAPRIO** Leonardo DiCaprio lætur umhverfismál sig varða í heimildarmyndinni 11th Hour.



**SIGUR RÓS** Sigur Rós á lag í heimildarmyndinni 11th Hour sem Leonardo DiCaprio framleiðir.





**VANUR** Richard Rodriguez var mestmegnis í fremsta vagninum á meðan þrekauninni stóð og var fyrir löngu hættur að finna fyrir fiðringi í maganum þegar 17 daga heimsmetinu var náð.

## 17 daga í rússíþana

Richard Rodriguez, 48 ára gamall Bandaríkjamaður, setti heimsmet í svokallaðri rússíþanaeið í síðustu viku þegar hann lauk 17 sólarhringa samfelldri setu í rússíþananum. Rodriguez stórbætti fyrra heimsmetið í þrautinni sem var „aðeins“ níu dagar og 12 klukkustundir.

Reglurnar voru með einfaldasta móti og var rússíþaninn á stöðugri ferð en á klukkutíma fresti mátti Rodriguez fá fimm mínútna hvíld til að borða, fara í sturtu, skipta um föt og sinna öðrum nauðsynjum. Á næturnar svaf Rodriguez á fleygiferð og var bundinn í vagninn til að falla ekki úr honum.

„Það er svolítið skrítið að vera kominn aftur niður á fasta jörð en ég mun jafna mig á skömmum tíma,“ sagði Rodriguez eftir að þrekauninni lauk en hún fór fram í Pepsi Max-rússíþananum í Blackpool sem þykir allsvakalegur.



**COMMON** Með mörg járn í eldinum.

## Fjölhæfur Common

Hiphop-tónlistarmaðurinn Common hefur gefið út nýja plötu að nafninu Finding Forever. Common lék einnig nýlega í myndinni Smokin' Aces ásamt Jeremy Piven, Aliciu Keys og Ben Affleck en hann er vel liðtækur í leiklistinni auk tónlistarinnar. Hann leikur einnig í myndinni American Gangster sem er væntanleg frá Ridley Scott. Einnig hefur hann nýlega hlotið verðlaun fyrir barnabók sem hann skrifaði en hún heitir I Like you, But I Love Me.

Nýja platan frá þessum fjölhæfa manni er pródúseruð af Kanye West en hann pródúseraði einnig síðustu plötu Commons, Be, sem var tilnefnd til Grammy-verðlauna. Á nýju plötunni er svo að finna dúett með ungu söngkonunni Lily Allen. Common er þekktur fyrir góða textasmíð og fallegt flæði en hann hefur áður gefið út plötur Can I Borrow a Dollar?, Resurrection, One Day It'll All Make Sense, Like Water For Chocolate og Electric Circus.

# Falleg kvikmynd um erfitt efni

Heimildarmyndin The Bridge fjallar um sjálfsvíg á Golden Gate-brúnni við San Fransisco. Brúin er sá staður í heiminum þar sem flestir binda enda á líf sitt. Á um það bil tveggja vikna fresti stekkur einhver fram af brúnni út í nær öruggan dauða.

Leikstjórinn Eric Steel var við brúna í heilt ár frá sólarupprás til sólseturs og tók myndir af þeim sem fóru um brúna. Á þeim tíma festi hann 23 sjálfsvíg á filmu, þrátt fyrir að hafa alltaf tilkynnt brúaryfirvöldum þegar hann sá einhvern líklegan til að stökkva.

Í myndinni er talað við vitni af brúnni, fjölskyldur og vini þeirra sem stökkva. Reynt er að komast að því hvað fái fólk til að gera þetta og einnig eru sýnd áhrif sjálfsvíganna á alla aðstandendur.

Myndefnið frá brúnni er óhugnanlega fallegt. Náttúrufegurðin og þetta magnaða mannvirki



skapa svo skýra andstæðu við kaldan raunveruleika sjálfsvíganna. Myndinni tekst merkilega vel að fjalla um þetta viðkvæma efni á heiðarlegan en fallegan máta. Það er hvorki gerð tilraun til að fegra né svarta viðfangsefnið. Hún gefur engin einföld svör en vekur þeim mun fleiri spurningar.

Helsti gallinn við hana er bláendirinn. Þar er eins og leikstjórinn missi traustið á efninu í

### KVIKMYNDIR

#### The Bridge

Leikstjóri: Eric Steel

Sýnd á Bíódögum Græna ljóssins.

★★★

Fjallað er um viðkvæmt efni á heiðarlegan en fallegan máta. Myndin er áhrifamikil og vel gerð en líður fyrir endinn.

smástund og hæfileika áhorfenda til að skilja fína drætti og finnst hann þurfa að ljúka myndinni á smásparki í sköflunginn, svona til að undirstrika mál sitt. Í heildina er þetta samt áhrifamikil og mjög vel gerð mynd sem skilur engan eftir ósnortinn.

Jarprúður Karlsdóttir

# FRÁBÆR KAUP!

Sjö manna Kia Carens CRDI dísil, sjálfskiptur, 2,0 l., 140 hö.



## 2.850.000 kr.

DVD bílabíó og dráttarbeiðslu innifalið í verði

## KIA CARENS

Nýi sjö manna fjölnotabíllinn frá Kia er kominn og sameinar glæsilegt útlit, sveigjanlegt rými og frábæra aksturseginnleika.

### Ríkulegur staðalbúnaður:

- ABS og EBD hemlakerfi
- ESP stöðugleikastýring
- Álfelgur
- Bakkskynjari
- Loftkæling
- 3ja punkta öryggisbelti fyrir sjö farþega
- Hraðastillir
- Akstursthöfn
- Ræsitengd þjófavörn
- ... og margt fleira



### BÍLABÍÓ

Nú bjóðum við KIA Carens með DVD bílabíó og þráðlausum heyrnartólum, ásamt 5 frábærum DVD diskum frá Senu.

**HEKLA KIA umboðið** á Íslandi er í eigu HEKLU.

KIA • Laugavegi 172 • Reykjavík • sími 590 5700 • www.kia.is



**KIA MOTORS**  
The Power to Surprise™

## Vill börn Jacksons

Bresk kona, Nona Jackson, segist vera móðir þriggja barna Michaels Jackson og hefur beðið dómstóla um sameiginlegt forræði yfir þeim. Beiðni hennar hefur verið hafnað vegna skorts á sönnunargögnum.

Popparinn Michael komst á síðasta ári að samkomulagi við fyrrum eiginkonu sína, Debbie Rowe, vegna forræðis yfir tveimur elstu börnunum, Prince Michael og Paris. Ekki er vitað hver er móðir yngsta barnsins, Prince Michael II. Rowe afsalaði sér forræði yfir börnunum árið 2001 eftir að þriggja ára hjónabandi hennar og Jacksons lauk en krafðist þess aftur þremur árum síðar.

„Sjúkrahússkýrslur Debbie sýna fram á að börnin mín eru



**MICHAEL JACKSON** Michael Jackson lætur börnin sín ekki frá sér baráttulaust.

ekki hennar börn vegna DNA-prófa,“ sagði Nona Jackson í réttarsalnum. Heldur hún því fram að hún hafi átt í ástarsambandi með Michael og að hún hafi samið yfir þrjú þúsund lög fyrir hann.

## Skilnaður foreldranna í höfn

Foreldrar ungstirnins og vand-ræðagemlingsins Lindsay Lohan eru loksins skilin eftir nokkurra ára deilur um umgengnisrétt yfir yngstu börnum sínum og um skiptingu eigna sinna.

Dómarinn í málinu var afar sáttur við málalok. „Þið hafið bæði sýnt góða dómgreind í að leysa málið á þennan hátt,“ sagði hann. Hvorki Lindsay, sem er 21 árs, né bróðir hennar Michael, sem er níttján ára, voru hluti af dómsmálinu.

„Ég óska Dinu alls hins besta og vonandi getum við bæði horft fram á veginn og staðið í stykkinu fyrir börnin okkar,“ sagði faðirinn Michael Lohan. Móðirin Dina var einnig á sama máli. „Núna fáum ég og börnin mín loksins tíma til að græða sár okkar.“



Michael og Dina voru nálægt því að ná samkomulagi fyrir tveimur árum en bið varð á því þegar Michael var dæmdur í fangelsi fyrir að aka undir áhrifum áfengis og fyrir önnur afbrot. Eftir fangelsisvistina fór hann í meðferð og hefur ítrekað haldið því fram að dóttir sín Lindsay þurfi á sömu þjónustu að halda. Hún er einmitt í meðferð um þessar mundir eftir að hafa verið handtekin fyrir að aka undir áhrifum vímuefna.

**LINDSAY LOHAN** Foreldrar Lohan hafa loksins komist að samkomulagi varðandi umgengnisrétt yfir tveimur yngstu börnum sínum.

HAUSTNÁMSKEIÐIN ERU AÐ HEFJAST

# Nám í tónvinnslu og lagasmíðum

- í samstarfi við Digidesign framleiðanda Pro-Tools



### Tónvinnsluskólinn „Sponsored Digidesign School“

Nýlega gerðu Tónvinnsluskólinn og Digidesign með sér samstarfssamning um þjálfun nemenda í Pro-Tools og kallast nú Tónvinnsluskólinn „Digidesign Sponsored School“. Þetta veitir okkur rétt til að kenna til alþjóðlega viðurkennds prófs Pro-Tools 101 og Pro-Tools 110. 101 gráðan gerir mönnum kleift að nota Pro-Tools til eigin hagsmuna við lagasmíðar og upptökur meðan að 110 gráðan gerir mönnum kleift að nota Pro-Tools í hljóðversumhverfi atvinnumannsins.

### Veitir rétt til framhaldsnáms

Eftir að hafa tekið þessi próf geta nemendur farið beint í 201 og 210 gráðurnar erlendis sem gerir menn að viðurkenndum „Pro-Tools Operator“ sem gefur möguleika á störfum hér og erlendis í hljóðverum og kvikmyndaverum.

### Hvernig klárar maður lag frá A til Ö

Að öðru leiti er námskeiðið óbreytt, farið er í ferlið frá því að hugmynd að lagi kviknar þar til lag er tilbúið til útgáfu, hvernig gengið er frá hljóðablöðum (lead sheets) og samskiptum í hljóðveri.

Kennt er á midforritið **Reason**, hljóðforritið **Melodine**, farið í almennar upptökur, mikróföntækni og staðsetningar, eftirvinslu, hljóðblöndun og lokahljóðjöfnun.

4 mánaða nám, 160 klst.

**319.900,- kr.**

(veittur er 15% staðgreiðsluafsláttur)

Fleiri greiðslumöguleikar í boði.



### Námskeiðin hefjast í september.

Skráningar í síma 534 9090 eða á

heimasíðunni [www.tonvinnsluskoli.is](http://www.tonvinnsluskoli.is)



TONVINNSLUSKOLI

PORVALDAR BJARNA

Sponsored Digidesign School

### FRÉTTIR AF FÓLKI

Gamanleikarinn **Jim Carrey**, sem var fyrsta kvikmyndastjarnan til að krefjast 20 milljóna dollara fyrir að leika í mynd, hefur gert nokkuð óvenjulegan samning við Warner Bros. vegna nýjustu myndar sinnar *Yes Man*. Hann fær engan pening fyrirfram og enga prósentu af tekjum myndarinnar í miðasölunni. Þess í stað fær hann 36,2% af þeim peningum sem Warner Bros. fær í sinn hlut eftir að allur kostnaður og hagnaður hefur verið gerður upp. Telja sérfræðingar í Hollywood að Carrey hafi samið illilega af sér í þetta sinn.



Listamaðurinn **Vladimir Kush** frá New York hefur höfðað mál gegn söngkonunni **Pink** vegna málverks eftir hann sem birtist í nýjasta myndbandi hennar við lagið *U+Ur Hand*. Kush segir að málverkið hafi verið birt án leyfis og hefur krafist hárra skaðabóta. Pink virðist einnig eiga í vandræðum í einkalífnum því hjónaband hennar og mótörhjóla-kappans **Carey Hart** er sagt standa á brauðfótum eftir að hann sást kela við aðra konu á næturklúbbi fyrr í mánuðinum.



Dómarinn úr *X-Factor* og *Idol*, **Simon Cowell**, segist vera meiri aðdáandi **Dannii Minogue** heldur en systur hennar **Kylie**. „Ef ég ætti að velja á milli þeirra tveggja myndi ég alltaf velja Dannii. Það er eitthvað

við hana sem er mjög dularfullt. Ég held að hún haldi hluta af persónuleika sínum huldum fyrir öðrum. Hún er ótrúlega kynþokkafull en hún áttar sig ekki á því hversu æsandi hún er,“ sagði Cowell.

Þýska ofurfyrirsætan **Heidi Klum** lék nýverið í sjónvarpsauglýsingu fyrir gallabuxnaframleiðandann **Jordache** og þykir hafa staðið sig með mikilli þryði. Leikstjóri auglýsingarinnar er **Brett Ratner** sem hefur leikstýrt *Rush Hour*-myndunum þremur auk *X-Men: The Last Stand*.



# Stærsti og minnsti hestur heims hittast

Stærsti og minnsti hestur veraldar komu saman fyrir skemmstu þegar tekin var mynd af þeim fyrir næstu útgáfu heimsmetabókar Guinness. Sá stærsti, belgíska hrossið Radar, er líkt og tröll í vexti, rétt rúmir tveir metrar á hæð sé miðað við öxl og vegur 1,1 tonn. Sé miðað við uppreið höfuðið er Radar yfir 2,5 metra há. Sá minnsti fæddist á bóndabæ í St. Louis og ber nafnið Þumalína. Uppreist nær hún 43 sentímetra frá jörðu og er hún tæp 30 kíló á þyngd. Þetta var í fyrsta sinn sem stærsti og minnsti hesturinn eru myndaðir saman.

Óhætt er að fullyrða að umönnun hestanna tveggja sé með ólíkum hætti. Þumalína borðar tvo bolla af fræjum og handfylli af heyi á degi hverjum á meðan Radar þarf yfir 8 kíló af heyi og 70 lítra af vatni.

**STAÐIÐ Í SKUGGANUM** Stóri Radar gæti auðveldlega trampað á litlu Þumalínu án þess að taka eftir því. Þessi ótrúlega mynd mun birtast í næstu útgáfu heimsmetabókar Guinness.



## Jamie Foxx í The Soloist

Leikarinn Jamie Foxx hefur tekið að sér hlutverk í kvikmyndinni The Soloist. Fjallar hún um heimilislausa tónlistarmanninn og geðklofann Nathaniel Antony Ayers sem dreymir um að halda tónleika í Walt Disney-tónleikahöllinni.



**JAMIE FOXX** Foxx leikur heimilislausan tónlistarmann í myndinni The Soloist.

Myndin er byggð á blaðagreinum sem birtust í dagblaðinu Los Angeles Times og stendur einnig til að semja bók eftir þeim.

### FRÉTTIR AF FÓLKI

Rapparin **Jay-Z** var tekjuhæsti hip hop-tónlistarmaðurinn á síðasta ári. Þenaði hann tæpa 2,3 milljarða króna samkvæmt niðurstöðum viðskiptasíðunnar forbes.com. Ellefta hljóðversplatan sem hann gaf út hjá plötufyrirtæki sínu Def Jam seldist í tveimur milljónum eintaka á árinu auk þess sem hann gerði fjölda auglýsingasamninga, þar á meðal við Budweiser. Rapparin 50 Cent lenti í öðru sæti með um rúman 2,1 milljarð í tekjur.



Tannlæknirinn **Jim McCarthy** hefur keypt krónu úr postulíni sem rokkkóngurinn **Elvis Presley** notaði í göm sínum. „Hann hafði fallegar tennur,“ sagði McCarthy. „Frá sjónarhorni tannlæknis finnst mér mjög áhugavert að eiga þessa krónu.“ Keypti hann þessi miklu verðmæti af syni tannlæknisins sem bjó krónuna til.



Spennusagnahöfundurinn Stephen King var hafður fyrir rangri sök er hann áritaði í mestu makindum bækur sínar í bókabúð í Ástralíu.

Að sögn viðskiptavinar gekk einhver maður inn í búðina og byrjaði að króta í bækurnar. Taldi hann að þar væri skemmdarvargur á ferð og lét eigandann vita umsvíflaust, en hann hafði ekkert fengið að vita af komu rithöfundarins. „Ég held að hann hafi ekki viljað láta vita af sér en ég sagði honum að ef ég hefði vitað að hann ætlaði að koma hefði ég bakað handa honum köku,“ sagði búðareigandinn. King áritaði alls sex bækur og lét sig síðan hverfa út í buskann.

Leikkonan Jessica Biel, nýjasta kærasta Justins Timberlake, hefur miklar mætur á „vininum“ fyrirverandi Jennifer Aniston. „Ég horfi á allar myndirnar hennar og mér finnst hún frábær. Mig langar rosalega mikið að vera vinkona hennar.“



## Ert þú rétt stillt/ur?



• Hvergi meira úrval

af stillanlegum heilsurúmum og heilsudýnum.

• Sérþjálfað starfsfólk

aðstoðar við val á réttu rúmi.

• Sjúkrapjáfari er í versluninni

á fimmtudögum frá kl. 16 - 18.



Reykjavík: Mörkin 4, sími: 533 3500

Akureyri: Hofsbót 4, sími: 462 3504

Opið virka daga: 10-18 og laugardaga 11-18

**Nýtt í bíó** Sími: 553 2075 - bara lúxus

**LAUGARÁSBÍÓ**

**RUSH HOUR 3** kl. 4, 6, 8 og 10-POWER 12

**RATATOUILLE** íslenskt tal kl. 3.45 og 5.45 L

**TRANSFORMERS** kl. 7 og 10 10

**PLANET TERROR** kl. 8 og 10.20 16

**SIMPSONS** íslenskt tal kl. 4 L

www.laugarasbio.is - Miðasala á [midi.is](http://midi.is)

**NÝTT Í BÍÓ!**

**TOPPMYNDIN Í USA**

Jackie Chan og Chris Tucker fara á kostum í myndu spennuþing ársins!

**LÚXUS**

**50.000 manns**

**LAUGARÁSBÍÓ**

**REGNBÖGINN**

**SÝNINGARTÍMAR BÍÓDAGA GRÆNA LJÓSSINS**

**SICKO** 7

**NO BODY IS PERFECT** 18

**DELIVER US FROM EVIL** 14

**THE BRIDGE** 16

**DEATH OF A PRESIDENT** 12

**CURSE OF THE GOLDEN FLOWER** 12

**FOR YOUR CONSIDERATION** 7

**HALLAM FOE** 14

DAGSKRÁ OG MIÐASALA Á [WWW.MIDI.IS](http://WWW.MIDI.IS)

ALLAR UPPLÝSINGAR Á [GRAENALJOSID.IS](http://GRAENALJOSID.IS)

**BECOMING JANE** 14

| SMÁRA BÍÓ                    | SÍMI 564 0000         | REGNBÖGINN  | SÍMI 551 9000  |
|------------------------------|-----------------------|-------------|--|
| RUSH HOUR 3                  | kl. 3.45-5.50-8-10.10 | 12          | SÝNINGARTÍMAR BÍÓDAGA GRÆNA LJÓSSINS                         |
| RUSH HOUR 3 LÚXUS            | kl. 5.50-8-10.10      |             | KL. 5.30 Sicko / Deliver Us From Evil / For Your Consider... |
| THE SIMPSONS MOVIE ENSKU TAL | kl. 4-6-8-10          |             | KL. 8 Sicko / The Bridge / Curse Of The Golden Flower        |
| THE SIMPSONS MOVIE ISL. TAL  | kl. 4-6               |             | KL. 10.30 Sicko / Death of a P. / No Body Is P. / Hallam Foe |
| EVAN ALMIGHTY                | kl. 4-6               |             |  |
| DIE HARD 4.0                 | kl. 8-10.45           | 14          | DEATH PROOF  |
| DEATH PROOF                  | kl. 10                | 16          | THE SIMPSONS MOVIE ENSKU TAL                                 |
|                              |                       |             | KL. 6  |
| HASKULABÍÓ                   | SÍMI 530 1919         | LAUGARÁSBÍÓ | SÍMI 462 3500  |
| RUSH HOUR 3                  | kl. 6.30-8.30-10.30   | 12          | RUSH HOUR 3  |
| THE SIMPSONS MOVIE ENSKU TAL | kl. 8-10              |             | THE SIMPSONS MOVIE ENSKU TAL                                 |
| THE SIMPSONS MYNDIN ISL. TAL | kl. 6                 |             | THE SIMPSONS MYNDIN ISL. TAL                                 |
| BECOMING JANE                | kl. 5.30-8-10.30      |             | THE INVISIBLE  |
|                              |                       |             | kl. 10   |
|                              |                       |             | 14   |

MIDASALA Á [midi.is](http://midi.is)

**SAMBÍÓ** www.SAMBio.is ☎ 575 8900 [midi.is](http://midi.is)

**NÝJASTA MEISTARAVERK PIXAR OG DISNEY**

**RATATOUILLE**

**STÆRSTA MYND SÚMARSINS**

**TRANSFORMERS**

PEIRRA STRÍÐ. OKKAR HEIMUR

**DREW** HJ. MBL

**Georgia Rules**

| ALFABAKKA             | KLINGLUNNI         |         |    |                       |               |         |    |
|-----------------------|--------------------|---------|----|-----------------------|---------------|---------|----|
| RATATOUILLE ENSKU TAL | kl. 3-5:30-8-10:40 | DIGITAL | L  | RATATOUILLE ENSKU TAL | kl. 8-10:30   | DIGITAL | L  |
| RATATOUILLE ENSKU TAL | kl. 8              | VIP     | L  | RATATOUILLE M/ISL TAL | kl. 4:30-5:30 | DIGITAL | L  |
| RATATOUILLE M/ISL TAL | kl. 3-5:30         |         | L  | TRANSFORMERS          | kl. 8-10:40   | DIGITAL | 10 |
| TRANSFORMERS          | kl. 10:30          | DIGITAL | 10 | HARRY POTTER 5        | kl. 4:30      |         | 10 |
| TRANSFORMERS          | kl. 5-8-10:30      |         | 10 | GEORGIA RULES         | kl. 10:10     |         | 7  |
| TRANSFORMERS          | kl. 5-8-10:50      | VIP     |    | NANCY DREW            | kl. 8         |         | 7  |
| NANCY DREW            | kl. 6-8-10-10:20   |         | 7  |                       |               |         |    |
| GEORGIA RULES         | kl. 8              |         | 7  | RATATOUILLE M/ISL TAL | kl. 6         |         | L  |
| HARRY POTTER 5        | kl. 3-8            |         | 10 | RATATOUILLE ENSKU TAL | kl. 8-10:15   |         | L  |
| SHREK 3 M/ISL TAL     | kl. 3-4-6          |         | 10 | TRANSFORMERS          | kl. 6-9       |         | 10 |
| OCEAN'S 13            | kl. 10:30          |         | 7  |                       |               |         |    |
|                       |                    |         |    | SELFOSSI S. 482 3007  |               |         |    |
|                       |                    |         |    | RATATOUILLE M/ISL TAL | kl. 6:40      |         | L  |
| RUSH HOUR 3           | kl. 8-10           |         | 12 | RATATOUILLE ENSKU TAL | kl. 9         |         | L  |
| RATATOUILLE M/ISL TAL | kl. 8              |         | L  | THE TRANSFORMERS      | kl. 9         |         | 10 |
| TRANSFORMERS          | kl. 10             |         | 7  | BLIND DATING          | kl. 7         |         | 10 |

# Íslendingar í Edinborg

Gríðarlegur fjöldi fólks sækir Edinborgarhátíðina, sem nú stendur yfir, á ári hverju. Í ár eru Tinna Gunnlaugsdóttir og Egill Ólafsson í þeim hópi, auk þess sem leikkonan Vigdís Hrefna Pálsdóttir tekur þátt í tveimur sýningum á hátíðinni.

Þjóðleikhússtjórinn Tinna Gunnlaugsdóttir og Egill Ólafsson, eiginmaður hennar, voru nýkomin út af nýju leikriti, Damaskus, eftir Skotann David Craig, þegar Fréttablaðið náði tali af Tinnu, sem sótti Edinborgarhátíðina nú í fyrsta skipti. „Við erum búin að komast yfir ansi mikið,“ sagði Tinna, en hjónin eru í fríu í Skotlandi. „Við verðum hér í fimm daga og förum svo í fjallgöngu um „The Highlands“,“ sagði Tinna og hló við.

Edinborgarhátíðin er samheiti yfir fjölda mismunandi hátíða sem fram fer í borginni um þetta leyti. Af þeim er leiklistarhátíðin Edinburg Fringe stærst, en þar að auki stendur nú yfir bókmenntahátíð, kvikmyndahátíð og tónlistarhátíð, svo eitthvað sé nefnt. „Þetta er alveg rosalega stór og flott hátíð og því líkt magn af viðburðum alls staðar að úr heiminum,“ sagði Tinna, en þau hjónin höfðu meðal annars séð sýningar frá Kóreu, Póllandi, Rússlandi, Hollandi og Kanada. „Við leggjum líka áherslu á að sjá ný bresk og skosk leikrit. Hér eru leikhús sem einbeita sér að því að ala upp og rækta leikritahöfunda, bæði Travers-leikhúsið og Þjóðleikhús Skota,“ sagði Tinna.

Leikkonan Vigdís Hrefna Pálsdóttir, sem er í mastersnámi við Royal Scottish Academy of Music and Drama í Glasgow, tekur þátt í



STÍFT PRÓGRAM Vigdís Hrefna Pálsdóttir tekur þátt í tveimur söngleikjum á Edinborgarhátíðinni, en uppfærslurnar eru hluti af mastersnámi hennar í Glasgow.



FEIKILEGT FRAMBOD Tinna Gunnlaugsdóttir og Egill Ólafsson sáu fjöldann allan af leikritum í Edinborg, meðal annars uppsetningar frá Kóreu og Rússlandi.



tveimur sýningum á Fringe hátíðinni. „Hluti af mastersnáminu er að setja upp tvo nýja söngleiki á Fringe,“ útskýrði Vigdís. Söng-

leikirnir sem hún leikur í, Iron Curtain og The Confessions of Julian Po, eru báðir bandarískir og splunkunýir. „Þetta er heimsfrumsýning á öðrum og Evrópufrumsýning á hinum,“ sagði Vigdís, sem kvað sýningar hafa gengið mjög vel.

„Við höfum verið að sýna fyrir nánast fullu húsi. Það þykir markvert, því það er svo mikið um að vera að fólk er þakklátt fyrir að ná kannski tíu sýningargestum,“ sagði hún og hló við. Á tuttugu daga tímabili sýnir Vigdís daglega. „Þetta er frekar stíft prógram, en það er gaman að taka þátt í svona alþjóðlegri leiklistarhátíð,“ sagði Vigdís, sem hafði þó ekki haft færi á að sækja margar sýningar sjálf. „Ég ætla að reyna að fara svoltið á morgnana í þessari viku og næstu, það eru svo margar spennandi sýningar í gangi,“ sagði hún.

sunna@frettabladid.is

## Kynlíf fyrir opnum tjöldum

„Kynlíf hefur svo mikla möguleika sem tjáningarform sem hafa alls ekki verið nýttir að neinu viti í alvarlegum kvikmyndum,“ segir John Cameron Mitchell leikstjóri myndarinnar Shortbus sem er sýnd hér á Bíódagum Græna ljóssins. Í myndinni eru mörg opinská kynlífsatriði, en leikarar hennar stunduðu raunverulegt kynlíf fyrir framan myndavélarnar.

Shortbus hefur bæði verið hampað sem brautryðjendaverki sem ljái kynlífi þann stall sem það á skilið eða úthrópuð sem klámmynd í felubúningi. „Ég sé myndina sem valkost við klám. Kynlífið í klámi er svo þurrt og óspennandi. Það vantar allan húnur og tilfinningar. Alvöru kynlíf er ekkert líkt klámi.“ Mitchell tekur samt skýrt fram að myndin sé alls ekki klámmynd og að allir sem sjái hana geti ekki litið á hana sem slíka.

Shortbus fjallar um fólk, gagn- og samkynhneigt



EKKI KLÁMMYND John Cameron Mitchell leikstjóri myndarinnar Shortbus sem sýnir leikara hafa samfarir.

sem allt á við einhvers konar kynlífsvandamál að stríða. Þungamiðja myndarinnar er einkaklúbburinn Shortbus þar sem fólk kemur til að losa um hömlur og fá lausn vandamála sinna.

„Kynlíf skiptir svo miklu máli, sama hvort við viðurkennum það eða ekki. Við stundum öll kynlíf. Það sem fólk gerir í kynlífi segir líka svo mikið um það.“

Mitchell hefur miklar áhyggjur af því að unglingar í dag fái allar sínar upplýsingar um kynlíf úr klámi. „Í klámi er kynlíf bara ómerkileg söluvara, húnur og sálarlaust og kalt. Krakkar fá svo miklar ranghugmyndir um kynlíf þar. Kynlíf snýst miklu meira um tilfinningar en bara einhverja líkamlega losun.“

Mitchell endar á því að segja að hann vilji að helst allir sjái myndina hans og ef unglingar komist ekki á hana í bíó vill hann frekar að þeir hláði henni niður af netinu en missi af að sjá hana.

Er **EKKERT** á milli eyrnanna á þér?

Jú jú...svona sirka 13 cm!!!

**Við mælum með reglustikunum sem fást hjá okkur í Office 1. Þar færð þú allt fyrir skólann undir einu þaki!**

**Office 1 Superstore**

Skeifunni 17 • Smáralind • Akureyri • Ísafirði • Egilsstöðum • Vestmannaeyjum • Selfossi • Hafnarfirði (Bókabúð Böðvars)

# Baunverjar í draumalandi

Danir hafa verið að sækja í sig veðrið að undanfögnu í tónlistinni eins og áður hefur kom fram hér í Fréttablaðinu og er sveitin Slaraffenland ein besta sönnun þess. Sveitin er á mála hjá smávöxnu plötufyrirtæki í Bandaríkjunum en heyrir einnig undir plötufyrirtæki dönsku sveitarinnar Efterklang, Rumraket að nafni. Nafnið Slaraffenland þýðir, samkvæmt sveitinni, hunangs- og mjólkurlandið. Sú goðsögulega útópía á rætur sínar að rekja til miðalda og átti að vera laust við alla illsku þess tíma. Grimm-bræður endursögðu ævintýrið um landið (Schlaraffenland á þýsku en Cockaigne á ensku) í þjóðsögum sínum.

Andstæður miðalda koma kannski ekki mikið við sögu í tónlist Slaraffenland en bæði þessi fyrirbæri eiga það sameiginlegt að vera hádramatísk og á tímum blóðug. Fyrsta lag plötunnar, Sleep Tight, dregur saman öll lykileinkenni sveitarinnar. Byrjar á tregafullum, harðsvíruðum og taktföstum trommuslætti sem blandast við draumkennda gítartóna sem minna á sveitir shoegaze-tímabilsins. Þegar söngurinn tekur að óma dettur manni strax sveitin Animal Collective í hug. Loks tekur við ylhýr kafli sem breytist svo í enn annan kafli sem er mjög í anda Broken Social Scene, með brassi og öllu tilheyrandi. Næsta lag á eftir ýtir svo enn meira undir þann kanadísk ættaða grun.

Þannig sveiflast tónlist Slaraffenland frá hægri til vinstri, upp og niður, en aldrei út í öfgar. Tónlistin hefur mjög grófkennða en meitlaða áferð sem minnir



## TÓNLIST

**Private Cinema**  
Slaraffenland

★★★★

Grófkennð en meitluð áferð plötunnar minnir helst á margrætt listaverk sem erfitt er að rýna í. Segir samt ákveðna og sterka sögu.

helst á margrætt listaverk sem erfitt er að rýna í. Verkið segir samt ákveðna sögu með heillandi áhrifum.


Bestu lög plötunnar eru jafnframt þau lengstu enda nýtast skilningarvit meðlima Slaraffenland (sjö talsins, þar á meðal ein-eggja tvíburabráður) best þar. Helst eru það stuttu millilög sem virka á tímum hálf tilgangslaus og jafnvel án stefnu. Þau haldast samt innan rammans, flækjast ekki of mikið fyrir manni og fljótt áttar maður sig á hlutverkum þeirra í þessu margslungna listaverki.

Steinþór Helgi Arnsteinsson

Frá kr. 2.790.000

### TUCSON SPORT

- ESP stöðugleikastýring
- ABS með EBD og TCS skriðvörn
- 4x4 aldrif með læsingu
- 16" álfelgur
- Hiti í framsætum
- Hiti undir þurkublöðum
- Leðurstýri og leður á gírhúð
- Hraðastillir (Cruise Control)
- Loftkæling A/C
- Samlitur



Með bílinn handa þér

### TUCSON SPORT

Frá kr. 27.700 á mánuði\*



Bíll á mynd: Hyundai Tucson Sport

**HYUNDAI**
[www.hyundai.is](http://www.hyundai.is)

B&L - Grjóthálsi 1 - 110 Reykjavík - 575 1200 - [www.bl.is](http://www.bl.is)

Hyundai hefur gæðin

Bíllasamningur m.v. 30% útborgun og mánaðarlegar greiðslur í 84 mánuði, sem eru háðar breytilegum vöxtum og gengi erlendra mynda. Gengiskort 50% JPV / 50% CHF.

[www.volkswagen.is](http://www.volkswagen.is)

## Nýr Golf GT Sport



THE  
BOURNE ULTIMATUM

**Komdu og reynsluaktu Golf GT Sport og fáðu miða á hasarmyndina The Bourne Ultimatum.\***

170 hestafla TSI-vélin kemur bílnum á 100 km hraða á aðeins 7,9 sekúndum og sportfjöðrunin tryggir hámarksupplifun af akstrinum. Meðal annars búnaðar er: Sportinnrétting, GT-grill, sóllúga, álfelgur og fjölröfastýri. Bíllinn er samlitur með skyggðum rúðum.

**Verð frá 3.090.000 kr.**



\* Á meðan birgðir endast.

HEKLA Laugavegi 172-174 · sími 590 5000 · [www.hekla.is](http://www.hekla.is) · [hekla@hekla.is](mailto:hekla@hekla.is)  
Umboðsmenn HEKLU um land allt: Akureyri · Akranesi · Isafirði · Reyðarfirði · Reykjanesbæ · Selfossi



## > Steven Thomas kemur aftur

Bandaríkjamaðurinn Steven Thomas mun spila með nýliðum Stjórnumnar í Iceland Express-deild karla í vetur. Thomas lék mjög vel með Grindavík í fyrra en gat ekki klárað tímabilið vegna meiðsla sem hann hlaut í Stjórnuleiknum í janúar. Thomas var með 20,9 stig að meðaltali í 13 leikjum, auk þess að taka 10,4 fráköst og nýta yfir 58 prósent skota sinna. Stjórnnumenn voru að leita að stórum manni og skoðuðu möguleikann á að fá hingað leikmann sem er yfir 220 cm hárn en á endanum sömdu þeir við þekkta stærð, sterkan leikmann sem er ekki hávaxinn en engu að síður öflugur inni í teigi.

**sport**  
sport@frettabladid.is



## VIKTOR BJARKI ARNARSSON: ENN AÐ JAFNA SIG EFTIR ÖKKLABROT

# Hlegið að Íslendingunum í Lilleström

Tímabilið hefur ekki verið upp á marga fiska hjá Viktori Bjarka Arnarssyni í norsku úrvalsdeildinni. Hann gekk til liðs við Lilleström fyrir tímabilið en hefur ekkert getað spilað síðan hann meiddist í æfingafeð með liði sínu í vetur.

Það tók tvo mánuði að fá rétta greiningu á meiðslum hans og sex vikur síðan hann gekkst undir aðgerð vegna beinbrots í ökkla. „Ég hef það fint og er allur að koma til. Ég spilaði varalíðsleik í vikunni og var á vellinum í 45 mínútur. Ég var reyndar veikur um síðustu helgi og var því ekkert sérstaklega orkumikill en miðað við allt gekk vel hjá mér,“ sagði Viktor Bjarki við Fréttablaðið. Lilleström hefur gengið vel í sumar og er í öðru sæti deildarinnar, í harðri samkeppni við Brann og Stabæk um meistaratítilinn. „Liðinu gengur vel og er mjög gaman að

fylgjast með því. En það hafa verið mikil meiðsla hjá okkur og því vonandi að maður komist í hóp þegar ég verð loksins heill. Enda er líka kominn tími á það,“ segir hann í léttum dúr. „Það er orðið frekar þreytt að standa fyrir utan og horfa bara á.“

Viktor segir að það sé ekki óvenjulegt að Íslendingar eigi erfitt uppdráttar á sínu fyrsta tímabili í norsku úrvalsdeildinni. Reyndar sé það tilfellið með alla þá Íslendinga sem hafi komið til félagsins á undanförmum árum. „Heiðar Helguson, Indriði Sigurðsson og Gylfi Einarsson lentu allir í vandræðum á fyrsta árinu. Enda hlæja allir að því hér hvað Íslendingar virðast vera lélegir á fyrsta árinu.“

Hann segist því vera rólegur og ætli að gefa sér tíma til að ná sér góðum. „Það þýðir ekkert að stressa sig á þessu enda hef

ég verið meiddur allt tímabilið. Nú skiptir máli að koma mér í stand og þá næ ég vonandi að sýna hvað í manni býr. Vonandi fæ ég að taka þátt í síðustu leikjum tímabilsins, það væri mjög gott.“



Kópavogsvöllur, áhorf.: 937 Sævar Jónsson (6)

0-1 Tryggvi Guðmundsson (13.)  
1-1 Calum Dór Bett (38.)  
2-1 Þórður Birgisson (54.)  
2-2 Tryggvi Guðmundsson (90.+)

### TÖLFRÆÐIN

Skot (á mark) 8-24 (3-13)  
Varin skot Gunnleifur 9 - Daði 2  
Horn 0-14  
Aukaspjrmur fengnar 15-9  
Rangstöður 1-3

| HK 4-5-1                 | FH 4-3-3                 |
|--------------------------|--------------------------|
| *Gunnleifur Gunn. 8      | Daði Lárusson 6          |
| Stefán Eggerts 6         | Guðmundur Sævarss. 6     |
| Ásgrímur Alberts 7       | Sverrir Garðarsson 5     |
| Finnbogi Llorens 7       | Tommy Nielsen 7          |
| Hermann Geir 6           | Hjörtur Logi Valgarðs. 5 |
| (72. Finnur Ólafsson -)  | Daði Þór Viðarsson 5     |
| Calum Dór Bett 6         | Ásgeir Gunnar 5          |
| Rúnar Páll Sigmundsson 6 | (53. Ólafur Páll 6)      |
| Þórður Birgisson 6       | Bjarki Gunnlaugsson 5    |
| (88. Ólafur Valdimar -)  | Matthías Guðmundsson 5   |
| Jón Þorgrímur 5          | (72. Atli Guðnason -)    |
| (74. Hörður Már -)       | Matthías Vilhjálmsson 6  |
| Oliver Jaeger 5          | Tryggvi Guðmundsson 7    |

\*Maður leiksins

## STAÐAN

### Landsbankadeild karla

|               |    |   |   |   |       |    |
|---------------|----|---|---|---|-------|----|
| 1. FH         | 13 | 8 | 4 | 1 | 29:17 | 28 |
| 2. Valur      | 13 | 7 | 4 | 2 | 28:16 | 25 |
| 3.ÍA          | 13 | 6 | 3 | 4 | 25:20 | 21 |
| 4. Fylkir     | 13 | 6 | 3 | 4 | 14:13 | 21 |
| 5. Breiðablik | 13 | 4 | 6 | 3 | 20:11 | 18 |
| 6. Keflavík   | 13 | 5 | 3 | 5 | 20:20 | 18 |
| 7. HK         | 13 | 4 | 3 | 6 | 13:25 | 15 |
| 8. Víkingur   | 13 | 3 | 3 | 7 | 12:20 | 12 |
| 9. KR         | 13 | 2 | 4 | 7 | 10:20 | 10 |
| 10. Fram      | 13 | 2 | 3 | 8 | 16:25 | 9  |

### MARKAHÆSTIR

|                                       |    |
|---------------------------------------|----|
| Helgi Sigurðsson, Val                 | 11 |
| Jónas Grani Garðarsson, Fram          | 9  |
| Tryggvi Guðmundsson, FH               | 8  |
| Sinisa Kekić, Víkingi                 | 7  |
| Bjarni Guðjónsson, ÍA                 | 6  |
| Hjálmar Þórarinnsson, Fram            | 5  |
| Matthías Guðmundsson, FH              | 5  |
| Símundur Eiler Samuelsen, Keflavík    | 5  |
| Arnar Gunnlaugsson, FH                | 4  |
| Guðmundur Steinarsson, Keflavík       | 4  |
| Halldór Hilmisson, Fylki              | 4  |
| Jón Þorgrímur Stefánsson, HK          | 4  |
| Magnús Páll Gunnarsson, Breiðablikki  | 4  |
| Prince Rajcomar, Breiðablikki         | 4  |
| Þórarinn Kristjánsson, Keflavík       | 4  |
| Valur Fannar Gíslason, Fylki          | 4  |
| Vjekoslav Svadumović, ÍA              | 4  |
| Þórður Guðjónsson, ÍA                 | 4  |
| Baldur Sigurðsson, Keflavík           | 3  |
| Björgólfur Takefusa, KR               | 3  |
| Christian Christiansen, Fylki         | 3  |
| Guðmundur Benediktsson, Val           | 3  |
| Guðmundur Sævarsson, FH               | 3  |
| Jón Vilhelm Ákason, ÍA                | 3  |
| Kristján Óli Sigurðsson, Breiðablikki | 3  |
| Nenad Zivanović, Breiðablikki         | 3  |
| Matthías Vilhjálmsson, FH             | 3  |

### NÆSTU LEIKIR

|                     |                      |
|---------------------|----------------------|
| Keflavík-Valur      | sun. 26. ágúst 18.00 |
| KR-ÍA               | sun. 26. ágúst 18.00 |
| Breiðablik-Víkingur | sun. 26. ágúst 18.00 |
| Fylkir-FH           | sun. 26. ágúst 18.00 |
| Fram-HK             | sun. 26. ágúst 20.00 |
| FH-KR               | fim. 30. ágúst 18.00 |
| ÍA-Breiðablik       | fim. 30. ágúst 18.00 |
| Víkingur-Valur      | fim. 30. ágúst 18.00 |
| HK-Fylkir           | fim. 30. ágúst 18.00 |
| Fram-Keflavík       | fim. 30. ágúst 20.00 |

Síðustu þrjár umferðir fara síðan fram á síðustu þremur helgum í september eða eftir landsleikjahléið þar sem Ísland leikur tvo leiki í undankeppi Evrópumótsins.

# Tryggvi bjargaði stigi fyrir FH-inga

Stórsókn FH-inga bar ekki árangur fyrr en í uppbótartíma og því þurftu Íslandsmeistararnir að horfa á eftir tveimur stigum í toppbaráttunni í 2-2 jafntefli gegn grimmmum HK-ingum á Kópavogsvelli í gær.

**FÓTBOLTI** Tryggvi Guðmundsson tryggði FH eitt stig og þar með þriggja stiga forskot í Landsbankadeild karla þegar hann jafnaði leikinn á móti HK í uppbótartíma.

Það stefndi allt í öruggan FH-sigur 77 mínútur fyrr þegar Tryggvi kom þeim í 1-0 en annað átti eftir að koma á daginn. HK-menn brotnuðu ekki og annan leikinn í röð misstu FH-ingar bæði forustu og stig gegn liðum í neðri hlutanum.

„Við vissum það alveg að þeir væru að berjast fyrir lífi sínu. Þeir komu grimmir til leiks en það er ótrúlegt að við skyldum ekki vinna þennan leik því við fengum milljón tækifæri til að klára leikinn en þetta datt ekki okkar megin. Eitt stig er betra en ekki neitt og úr því sem komið var getum við þakkað fyrir jafntefli. Við áttum samt að vinna þennan leik, stjórnendum honum frá A til Ö og þeir fara varla yfir miðju í leiknum,“ sagði Ólafur Jóhannesson, þjálfari FH, eftir leikinn og bætti við: „Við erum með fint forskot en það er nóg eftir af mótinu.“

FH-ingar byrjuðu leikinn af krafti og Tryggvi Guðmundsson kom þeim yfir eftir rúmar tólf mínútur með hnitmiðuðum skalla úr teignum eftir laglega fyrirgjöf Matthíasar Guðmundssonar frá endamörkunum. HK-menn létu finna vel fyrir sér og þegar á leið leikinn mátti sjá marga pirraða FH-inga á vellinum. Baráttan skiladði sér, FH-ingar misstu taktinn og HK-liðið færðist allt í aukana efrir því sem leið á hálfleikinn.

Bæði mörkin komu þó upp úr litlu, það fyrra eftir einstaklingsframtak Calums Þór Bett og það seinna eftir aukaspjrmu lengst út á velli.

Calum Dór Bett var maðurinn



**EKKERT GEFID** Tryggvi Guðmundsson og félagar í FH fengu að finna fyrir því á Kópavogsvellinum í gær. Hér lendir Tryggvi í tæklingu við Stefán Eggertsson. Tryggvi var besti maður FH-inga og mörkin sáu til þess að liðið fengi eitthvað út úr leiknum.

FRÉTTABLAÐIÐ/HÖRÐUR

ooj@frettabladid.is

Valskonan Margrét Lára Viðarsdóttir bætti met í efstu deild kvenna í stórsigrinum á Keflavík á laugardaginn:

# Með tuttugu mörk fjögur sumur í röð

**FÓTBOLTI** Margrét Lára Viðarsdóttir bætti met í efstu deild kvenna í Keflavík á laugardaginn þegar hún skoraði sex mörk í 9-0 sigri Vals á Keflavík.

Margrét Lára sem hafði skorað 18 mörk fyrir leikinn varð þar með fyrsta konan sem nær að skora yfir 20 mörk fjögur tímabil í röð. Margrét Lára skoraði 23 mörk fyrir ÍBV sumarið 2004, jafnaði þann árangur á sínu fyrsta tímabili með Val sumarið eftir og bætti síðan markametinu á einu tímabili með því að skora 34 mörk í Landsbankadeild kvenna síðasta sumar.

„Það er alltaf gaman að skora en ég er líka bara með frábæra leikmenn í kringum mig sem eru að leggja upp á mig mörk. Markmaðurinn lagði meira segja upp eitt mark fyrir mig í þessum leik. Það var frábær völlum og frábærar aðstæður í Keflavík þannig að



Þetta hefði ekki getað verið betra,“ sagði Margrét Lára í samtali við Fréttablaðið eftir leikinn.

Margrét Lára hefur orðið markadrottning deildarinnar undanfara-

**Á AUGLÝSINGU OG Í ALVÖRU** Margrét Lára Viðarsdóttir hefur skorað 129 mörk í 78 leikjum í efstu deild. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

in þrjú ár og getur orðið sú fyrsta sem hreppir gullskóinn fjögur ár í röð. Hún hefur skorað 104 mörk í 52 leikjum á þessum þremur og hálfu sumri sem gera nákvæmlega tvö mörk að meðaltali í leik.

Olga Færseth er áfram sú sem á að baki flest tímabil með yfir 20 mörk en Olga hefur skorað á þriðja tug marka á sex sumrum á sínum ferli.

- 66j

### TÍMABIL MARGRÉTAR LÁRU Í EFSTU DEILD

|               |                      |
|---------------|----------------------|
| 2000 (14 ára) | ÍBV 1 leikur /0 mörk |
| 2001 (15)     | ÍBV 2/0              |
| 2002 (16)     | ÍBV 11/7             |
| 2003 (17)     | ÍBV 12/18            |
| 2004 (18)     | ÍBV 14/23            |
| 2005 (19)     | Valur 14/23          |
| 2006 (20)     | Valur 13/34          |
| 2007 (21)     | Valur 11/24          |





CITROËN



C5

TROËN

C5

## Citroën C5 er sá eini sem getur lyft þér upp

Látt'ann lyfta þér upp frá jörðu en passaðu klukkuna því að Citroën C5 á það til að ljá fólki vængi svo það svífi suður yfir höf. Prófaðu bara. Skoðaðu franskan munað. Berðu saman bíla. Sjáðu verðið.

**Verð aðeins frá kr. 2.679.000**

Citroën C5 SX 2.0i 5 dyra sjálfskiptur 143 hó\*

Komdu í Brimborg í dag



brimborg

Öruggur staður til að vera á

Brimborg Reykjavík: Bíldshöfða 8, sími 515 7000 | Brimborg Akureyri: Tryggvabraut 5, sími 462 2700 | [www.citroen.is](http://www.citroen.is)

\*Brimborg og Citroën áskilja sér rétt til að breyta verði og búnaði án fyrirvara og að auki er kaupverð háð gengi. Nánari upplýsingar veita söluráðgjafar Brimborgar.



**FYRIRLIÐI** David Beckham bar fyrirliða-bandíð hjá Galaxy. NORDICPHOTOS/GETTY

## David Beckham hjá Galaxy: Lagði upp þrjú mörk í tapleik

**FÓTBOLTI** David Beckham lagði upp þrjú mörk í sínum fyrsta leik í byrjunarliði Los Angeles Galaxy en tókst þó ekki að koma í veg fyrir að liðið tapaði 5-4 fyrir New York Red Bulls. Leikurinn fór fram á troðfullum Giants-leikvanginum fyrir framan 66 þúsund manns.

Beckham lagði upp öll mörkin úr fóstum leikatriðum, tvö komu eftir horn og eitt kom eftir aukaspyrnu hans.

„Það kom mér á óvart að geta spilað allar 90 mínúturnar en ég þrjúskaðist við og vildi ekki koma útaf. Ökklinn er bólgarni en hann var fyrir leikinn en ég verð orðinn góður á miðvikudaginn.“ sagði Beckham en hann tekur þá þátt í vináttuleik Englendinga og Þjóðverja á Wembley. - 66j



**TVENNA** Veigar Páll hefur spilað vel með Stabæk í sumar. FRETTABLAÐIÐ/SCANPIX

Norska bikarkeppnin:

## Veigar Páll með tvö mörk í gær

**FÓTBOLTI** Veigar Páll Gunnarsson skoraði tvö mörk fyrir Stabæk í 4-2 útisigri í framlengingu gegn Strømsgodset í átta liða úrslitum norsku bikarkeppninnar í gær.

Veigar Páll kom Stabæk í 2-0 í fyrri hálfleik en Strømsgodset náði að jafna. Daniel Nannskog og Somen Tchoyi tryggðu Stabæk sigurinn í framlengingunni.

Fyrri mark Veigars Páls kom eftir skyndisókn og sendingu Daniel Nannskog á 24. mínútu en Veigar Páll komst þá einn gegn markverðinum og skoraði. Annað markið skoraði Veigar Páll úr vítaspyrnu aðeins sex mínútum síðar en hana fiskaði fyrrnefndur Nannskog sem Veigar Páll er búinn að leggja upp ófá mörk fyrir í sumar. - 66j



**STOSBENDING** Grétar Rafn og félagar í AZ byrjuðu tímabilið vel. NORDICPHOTOS/AFP

Grétar Rafn Steinsson:

## Spilaði upp Ari

**FÓTBOLTI** Grétar Rafn Steinsson og félagar í AZ Alkmaar unnu öruggan 4-0 sigur á VVV-Venlo í fyrstu umferð hollensku úrvalsdeildarinnar.

Grétar Rafn lék allan leikinn og lagði upp fyrri markið sem Brasilíumaðurinn Ari skoraði en hann kom frá sænska liðinu Kalmar FF í sumar. Grétar nældi sér einnig í gult spjald 16 mínútum fyrir leikslok. - 66j

Síðasta vikan fyrir tímabilið er skrautleg fyrir Frank Rijkaard, þjálfara Barcelona:

## Bara með níu menn á æfingum

**FÓTBOLTI** Frank Rijkaard, þjálfari spænska stórliðsins Barcelona, er í miklum vandræðum í síðustu vikunni fyrir tímabilið sem hefst með leik gegn Racing Santander næsta sunnudag.

Þessi vika er landsliðsvika og af þeim sökum eru þrettán leikmenn Barcelona á faraldsfæti. Aðeins tveir þeirra eru samt að taka þátt í keppnisleikjum, Bojan Krkic með Spáni á HM 17 ára liða og Decu með Portúgal gegn Armeníu í undankeppni EM.

Hinir ellefu eru að fara að spila vináttuleikjum, þar af munu níu þeirra leika í Evrópu. Frakkarnir Thierry Henry, Éric Abidal og Lilian Thuram spila við Slóvakíu í Bratislava, Gianluca Zambrotta spilar með Ítalíu gegn Ungverjalandi í Búdapest, Argentínumennirnir Leo Messi and Gaby Milito spila við Norðmenn í Osló, Xavi og Andrés Iniesta spila með Spán-



**ERFITT ÁSTAND** Frank Rijkaard talar við Eið Smára Guðjohnsen á æfingu Barcelona-liðsins. NORDICPHOTOS/AFP

verjum gegn Grikkjum í Pessalóníku og Ronaldinho spilar vináttuleik með Brasilíu gegn Alsír en hann fer fram í Montpellier í Frakklandi.

Samuel Eto'o á lengsta ferðalag- ið fyrir höndum en hann er á leiðinni til Tókýó þar sem Kamerún spilar vináttuleik við Japani.

Eiður Smári Guðjohnsen er enn meiddur og æfir ekkert með aðalliðinu en þeir Carles Puyol og Edmilson eru einnig frá vegna meiðsla. Eiður Smári hefði líka örugglega verið á leiðinni til Íslands að spila við Kanada ef hann hefði verið orðinn góður af meiðslunum.

Eftir standa aðeins níu leikmenn sem Rijkaard hefur yfir að ráða á æfingum en þeir eru Víctor Valdés, Albert Jorquera, Juliano Belletti, Oleguer, Sylvinho, Thiago Motta, Santi Ezquerro, Rafa Márquez og Gio Dos Santos. - 66j

## Furðuvíti gaf Chelsea stig

Frank Lampard tryggði Chelsea 1-1 jafntefli gegn Liverpool á Anfield með marki úr umdeildu víti. Liverpool-menn létu dómarrann heyrja það í leikslok.

**FÓTBOLTI** Liverpool sá á eftir stigunum í 1-1 jafntefli við Chelsea í risaslagnum á Anfield í ensku úrvalsdeildinni í gær, þökk sé ákvörðun dómarrans Robert Styles. Styles dæmdi víti á Liverpool sem Frank Lampard nýtti af öryggi. Bæði lið töpuðu því sínum fyrstu stigum á tímabilinu.

„Dómarrinn stóð sig ekki vel í þessum leik. Hann var undir mikilli pressu frá leikmönnum Chelsea allan leikinn og hann gaf eftir á endanum. Það var mjög ósanngjarn dómur sem færði Chelsea stig í dag,“ sagði Steven Gerrard, fyrirliði Liverpool, eftir leikinn en hann átti mjög góðan leik þrátt fyrir að spila tábrottinn.

Spánverjinn Fernando Torres opnaði markareikning sinn í ensku úrvalsdeildinni á glæsilegan hátt þegar hann kom Liverpool í 1-0. Torres skoraði markið úr hraðri sókn strax á 16. mínútu, fékk boltann upp vænginn frá Gerrard og fór illa með Tal Ben-Haim í Chelsea-vörninni.

Liverpool-liðið var sterkara og með ágæt tók á leiknum þegar reidarslagið kom. Vítaspyrnan var dæmd fyrir brot Steve Finnan á Florent Malouda. Það var þó eins og Malouda hoppaði yfir boltann og léti hann fara áður en hann lenti á Finnan. Rob Styles missti algjörlega stjórn á leiknum í kjölfarið, veifaði gulum spjöldum í allar áttir og var heppinn að leikurinn leystist ekki upp.

„Þetta er ótrúlegt. Hvernig er hægt að breyta leik á þennan máta? Hann getur horft á þetta aftur í sjónvarpinu og þá skilur



**ÞU VARST BROTLEIGUR** Robert Styles bendir á Steve Finnan eftir að hann er búinn að dæma vítið. Jamie Carragher skilur ekkert í hvað er í gangi. NORDICPHOTOS/GETTY

hann af hverju við erum svona óánægðir,“ sagði Rafael Benitez, stjóri Liverpool, sem var ánægður með spilamennsku sinna manna.

„Ég veit ekki hvort þetta hafi verið víti en maður veit aldrei, sérstaklega á þessum velli þar sem við höfum verið mjög óheppnir með ákvarðanir dómara. Þetta eru jákvæð úrslit fyrir okkur, ekki síst þar sem við vorum komnir undir í leiknum. Ég stillti upp sóknjörfu liði og við reyndum að vinna leikinn í 85 mínútur,“ sagði

Jose Mourinho, stjóri Chelsea.

David Dunn tryggði Blackburn stig gegn Arsenal þegar hann jafnaði leikinn 18 mínútum fyrir leikslok en markið skrifast þó algjörlega á þýska markvörðinn Jens Lehmann sem gaf mark annan leikinn í röð þegar hann missti boltann í gegnum greipar sér. Lehmann gaf einnig mark í fyrsta leiknum gegn Fulham en þá náði liðið að tryggja sér 2-1 sigur en í gær kostaði það tvö stig.

ooj@frettabladid.is

Versta byrjun Manchester United í ensku úrvalsdeildinni í fimmtán ár eftir 0-1 tap í nágrannaslagnum:

## City er með sjö stigum meira en United

**FÓTBOLTI** Það er ekki nóg með að ensku meistaranir í Manchester United hafi aðeins tvö stig eftir fyrstu þrjú leikina, þeir þurftu að sætta sig við 1-0 tap gegn nágrönnunum sínum í City í gær. City-liðið er því með fullt hús og hreint mark en United-liðið er aftur á móti í 16. sætinu með aðeins eitt mark skorað. Þetta er versta byrjun liðsins síðan 1992.

Sven-Göran Eriksson er búinn að gera frábæra hluti með liði City og þá hefur danski markvörðurinn Kasper Schmeichel, sonur Peter Schmeichel, komið mörgum á óvart með því að halda hreinu þrjú leiki í röð. Micah Richards á líka mikið hrós skilið en sá síðarnefndi hefur verið magnaður í upphafi móts. „Þetta var frábær liðsframmistaða. Við ætlum að sanna það að við

getum unnið alla,“ sagði Micah Richards, hinn frábæri 19 ára miðvörður Manchester City.

„Þetta var mjög erfiður leikur og við höfðum heppnina með okkur. Það býst enginn við því að við verðum meistarar en það er gott að byrja vel þegar lið er með svona marga nýja menn. Sjálfstraustið eykst með hverjum sigri. United-liðið er búið að vera óheppið en þetta er langt tímabil og þeir koma til baka,“ sagði Sven-Göran.

Brasilíumaðurinn Geovanni skoraði eina mark leiksins með skoti af löngu færi á 31. mínútu úr einni af fáum sóknunum liðsins en annars voru það leikmenn United sem áttu leikinn og óðu í dauðafærum.

Carlos Tevez fékk tvö dauðafæri í leiknum en þarf enn að bíða eftir fyrsta marki sínu fyrir



**DAUÐAFÆRI** Carlos Tevez og félagar í United náðu ekki að skora framhjá Kasper Schmeichel sem hefur haldið hreinu í þremur leikjum City. NORDICPHOTOS/GETTY

félagið. United lék í gær án bæði Cristiano Ronaldo (leikbann), Wayne Rooney, Ole Gunnar Solkjaer og Louis Saha (allir meiddir) og það er allt anna en boðlegt fyrir meistarana að skora aðeins eitt mark á 270 mínútum.

## ENSKI BOLTINN

### Enska úrvalsdeildin

|  |     |
|--|-----|
| Man. City-Man. Utd.                                      | 1-0 |
| 1-0 Geovanni (31.)                                       |     |
| Blackburn-Arsenal  | 1-1 |
| 0-1 Robin van Persie (18.), 1-1 David Dunn (72.)         |     |
| Liverpool-Chelsea  | 1-1 |
| 1-0 Fernando Torres (16.), 1-1 Frank Lampard (62., víti) |     |

### STADAN

| Man. City     | 3 | 3 | 0 | 0 | 4-0 | 9 |
|---------------|---|---|---|---|-----|---|
| Chelsea       | 3 | 2 | 1 | 0 | 6-4 | 7 |
| Wigan         | 3 | 2 | 0 | 1 | 5-2 | 6 |
| Everton       | 3 | 2 | 0 | 1 | 5-3 | 6 |
| Portsmouth    | 3 | 1 | 2 | 0 | 6-4 | 5 |
| Newcastle     | 2 | 1 | 1 | 0 | 3-1 | 4 |
| Arsenal       | 2 | 1 | 1 | 0 | 3-2 | 4 |
| Blackburn     | 2 | 1 | 1 | 0 | 3-2 | 4 |
| Liverpool     | 2 | 1 | 1 | 0 | 3-2 | 4 |
| Reading       | 3 | 1 | 1 | 1 | 2-2 | 4 |
| Sunderland    | 3 | 1 | 1 | 1 | 3-5 | 4 |
| Tottenham     | 3 | 1 | 0 | 2 | 5-4 | 3 |
| Fulham        | 3 | 1 | 0 | 2 | 4-5 | 3 |
| Middlesbrough | 3 | 1 | 0 | 2 | 3-4 | 3 |
| West Ham      | 2 | 1 | 0 | 1 | 1-2 | 3 |
| Man. United   | 3 | 0 | 2 | 1 | 1-2 | 2 |
| Aston Villa   | 2 | 0 | 1 | 1 | 1-2 | 1 |
| Birmingham    | 3 | 0 | 1 | 2 | 4-6 | 1 |
| Derby         | 3 | 0 | 1 | 2 | 2-7 | 1 |
| Bolton        | 3 | 0 | 0 | 3 | 3-8 | 0 |



**STURLUN** Viðbrögð Zinedine Zidane verða ávallt eftirminnilegasta augnablikið á HM í Þýskalandi 2006. NORDICPHOTOS/AFP

## Ítalinn Materazzi gefur út bók: Orðin sem æstu upp Zidane

**FÓTBOLTI** Ítalinn Marco Materazzi er loksins búinn að gefa það upp hvað hann sagði við Zinedine Zidane í úrslitaleik HM fyrir rúmum þrettán mánuðum síðan.

Viðbrögð Zidane, sem var að leika sinn síðasta leik á ferlinum, voru ógleymanleg því hann skallaði Materazzi í kassann og hlaut að launum rautt spjald. Ítalir unnu síðan heimsmeistaratilinn í vítakeppni.

Materazzi er að fara að gefa út ævisögu sína og þar lýsir hann atburðarásinni. Materazzi byrjaði á því að halda í treyju Zidane sem sagði þá við hann að hann gæti fengið treyjuna eftir leikinn. Materazzi sagði þá setninguna sem gerði Zidane sturlaðan en hann svaraði að hann vildi frekar fá hóruna systur hans heldur en treyjuna.

Materazzi hefur verið bæði hataður og dáður í kjölfarið en nú síðast hrósaði franskri landsliðsþjálfarinn, Raymond Domenech, honum fyrir að hafa náð að taka Zidane út úr leiknum. - 66j



ILMUR • HELGA BRAGA • GULLA • KATLA MARGRÉT • EDDA BJÖRG  
AUDDI • BERGUR • PÉTUR JÓHANN • SVEPPI • KJARTAN

# Stelpurnar



skemmtilegri

## STELPURNAR

NÝ ÞÁTTARÖÐ HEFST Á FÖSTUDAGINN KL. 20:10

ÁSKRIFT: 512 5100 | VERSLANIR VODAFONE

## > Jonny Lee Miller

Flestir fjölskyldumeðlimir Jonnys eru leikarar. Afí hans er frægur fyrir að túlka persónuna M í eldri James Bond-myndunum. Faðir hans var sviðsleikari og síðar sviðsstjóri fyrir BBC og á Jonny góðar æskuminningar frá því að hafa setið baksviðs og fylgst með gerð þáttanna Top of the Pops. Jonny leikur í Æon Flux á Stöð 2 Bíó kl. 22.00.



# dagskrá



## KLEMENS ÓLAFUR SÁ BANKABALL Í BEINNI:

# Flippað afmæli, svona pólitískt séð

Pegar kveikt var á sjónvarpinu var Bubbi að syngja um sprautufíkla og afmælistónleikum Kaupþings að ljúka. Það gerir það enginn að gamni sínu lengur að spekulera um pólitík Bubba Morthens eða samband hans við stórfyrirtæki og auglýsingamennsku. En það var samt furðulegt að sjá hann í afmælisveislu ríkasta bankans með byltingarstjórnuhúfu eins og fæst í túristaverslunum ríkisins á Kúbu. Hann var og í hermannajakka, byltingarubbinn góði sem var í DV orðinn sjálfstæðismaður um daginn. Í ræðu milli laga virtist hann hvetja fyrrum samgönguráðherra Sjálfstæðisflokksins til að segja af sér! Illskiljanlegt, umbúðir bæði og innihald. Að lokum Stál og hnifur, þjóðsöngur vinnandi stétta. Og lýðurinn tók undir. Hófst þá þáttur Stuðmanna og flæktist plottið enn. Þeir á sviðið með svona líka laufflétt lag á þýsku. Ich Bin Frei, var inntakið í því. Stuðmenn voru að venju í búningum, en hvernig? Voru þeir að



Stuðmenn í hlýlegri búningum en á föstudaginn

leika ítalska svartstakka eða áttu þetta að vera falangistar með baskahúfur? Rauður borði um upphandlegg, enginn hakakross þó. Í lok lagsins heilsaði Frimann með einhverju sem óneitanlega líktist nasistakveðju. Svo kom lag með hei! hei! hei! í viðlagi og Egill Ólafs steytti krepptum hnefa að áhorfendum til áherslu. Það segir eflaust bara eitthvað um mig en ég heyrði bara sig heil í staðinn.

Frimann toppaði þetta svo endanlega er hann bauð Gestabó (Halldórsson) velkominn á sviðið. Ég var satt best að segja hálfinglaður eftir þetta

allt saman og ímynda mér að það hafi verið eitthvert hugmyndafræðilegt grínþema á tónleikunum, kynnt fyrr um kvöldið, sem fór fram hjá mér. Eða hvað var eiginlega á seyði þetta kvöld? Hverju missti ég af? Lét Garðar Thor Cortes kannski krossfesta sig á sviðinu? Voru Nylonpiur skreyttar 666 eða gyðingastjörnum? Hver lék kratann? Ég bíð spenntur eftir DVD-disknum í þjóðargjöf.

## EKKI MISSA AF



► **22.25 Anna Pihl** SJÓNVARPIÐ



► **21.20 Pirate Master** STÖÐ 2



► **22.00 Æon Flux** STÖÐ 2 BÍÓ



► **20.45 Jake In Progress** SIRK-US



► **21.00 Boot Camp helgin** SKJÁREINN

## SJÓNVARPIÐ

- 17.05 Leiðarljós
- 17.50 Táknmálsfréttir
- 18.00 Myndasafnið
- 18.01 Gurra grís (53:104)
- 18.06 Lítil prinsessa (27:30)
- 18.16 Halli og risaöðlufatan (23:26)
- 18.30 Vinkonur (48:52)
- 19.00 Fréttir
- 19.30 Veður
- 19.35 Kastljós
- 20.05 Lijang - Tvær sögur, ein borg Heimildamynd frá Hong Kong um mannlíf og menningu í hinni einstöku borg Lijang í Kína sem er á heimsminjaskrá UNESCO. Hinn leyndardómsfullu Naxi-þjóðflokkur byggði borgina fyrir mörgum öldum. Þar er vatni úr fjöllum í Yunnan-héraði veitt á götum daglega til að þrifa þær og borgarbúar fá vatn til þrifa, baða og drykkjar úr aðskildum vatnsbólum.
- 20.55 Einir en saman (Alene menn sammen) Norsk stuttmynd eftir Trond Fausa Aurvaag.
- 21.15 Í nafni réttlætis (7:13) Bandarísk þáttaröð um lögreglinga sem vinna að því að fullnægja réttlætinu.
- 22.00 Tiufréttir
- 22.25 Anna Pihl (10:10) Dönsk þáttaröð um erilsamt starf lögreglukonunnar Önnu Pihl á Bellahøj-stöðinni í Kaupmannahöfn.
- 23.10 Bráðavaktin (5:23)
- 23.55 Út og suður (12:16) e.
- 00.25 Kastljós
- 00.55 Dagskrárlök

## STÖÐ 2 BÍÓ

- 06.00 Love Rules
- 08.00 Seven Years in Tibet
- 10.15 Magic Pudding
- 12.00 The Perfect Score
- 14.00 Seven Years in Tibet
- 16.15 Magic Pudding
- 18.00 The Perfect Score
- 20.00 Love Rules
- 22.00 Æon Flux Hörkuspennandi framtíðartrýllir með Charlize Theron, Frances McDormand og Johnny Lee Miller í aðalhlutverkum.
- 00.00 Possible Worlds
- 02.00 Angels Don't Sleep Her
- 04.00 Æon Flux
- 07.00 Stubbarnir
- 07.25 Lítlú Tommi og Jenni
- 07.45 Krakkarnir í næsta húsi
- 08.10 Oprah
- 08.55 Í finu formi 2005
- 09.10 Bold and the Beautiful
- 09.30 Wings of Love NÝTT (1.120)
- 10.15 Homefront
- 11.00 Whose Line Is it Anyway?
- 11.25 Sjálfstætt fólk
- 12.00 Hádegisfréttir
- 12.45 Nágrannar
- 13.10 Sisters (24.24)
- 14.00 Extreme Makeover (13.23)
- 14.45 Punk'd (11.16)
- 15.15 Man's Work (9.15)
- 15.50 S Club 7 (e)
- 16.13 Galdrastelpurnar (21.26)
- 16.33 BeyBlade
- 16.58 Camp Lazlo 1
- 17.23 Froskafjör
- 17.28 Bold and the Beautiful
- 17.53 Nágrannar
- 18.18 Ísland í dag og veður
- 18.30 Fréttir
- 18.55 Ísland í dag, íþróttir og veð
- 19.40 The Simpsons (8.22) (e)
- 20.05 Heima hjá Jamie Oliver Jamie sýnir áhorfendum hvernig hægt er að elda bragðsgóðar máltíðir úr gulrótum og rófum.
- 20.35 Men In Trees (10.17)
- 21.20 Pirate Master (12.14)
- 22.05 Saved (13.13) Rómantískir spennuþættir í anda Grey's Anatomy þar sem fylgst er með sjúkraflutningamönnum í blíðu og stríðu.
- 22.50 Footsteps Spennumynd með Candice Bergen úr Boston Legal. Daisy er rithöfundur sem er nýbúin að gefa út vinsæla skáldsögu og ákveður að slaka á í strandhúsinu sínu. 2003.
- 00.15 The 4400 (6.13)
- 01.00 Las Vegas (17.17)
- 01.40 Footballers' Wives (1.8)
- 02.50 Footballers' Wives (2.8)
- 03.40 Pirate Master (12.14)
- 04.25 Men In Trees (10.17)
- 05.10 Fréttir og Ísland í dag
- 06.20 Tónlistarmyndbönd frá Popp TÍVÍ

## SYN besta sætið

- 07.00 Supercopa 2007 Útsending frá leik Real Madrid og Sevilla í keppni meistara meistaranna.
- 18.25 Augusta Masters (Augusta Masters Official Film - 2002)
- 19.20 Sumarmótin 2007 (Þæjumótíð)
- 19.55 David Beckham - Soccer USA (4.13) Glænýr þættir þar sem fylgst er með David Beckham í nýjum heimkynnum hans í englaborginni í Bandaríkjunum. Áhorfendur fá innsýn í bandaríska knattspyrnu og kynnst nýjum samherjum Beckhams.
- 20.25 Heights of Passion Í þessum þætti er fjallað á vandaðan hátt um viður eignir River Plate og Boca Juniors í gegnum tíðina og hið sérstaka samband sem ríkir á milli þessara keppinauta í Argentínu.
- 21.20 Supercopa 2007 Útsending frá leik Real Madrid og Sevilla í keppni meistara meistaranna.
- 23.00 Heimsmótaröðin í Póker 2006
- 23.55 FC Barcelona 2006-2007 Knattspyrnuárið FC Barcelona er þekkt um allan heim enda saga liðsins glæsileg. Áhugavert er því að rífa upp leiki með þessu stórveldi í knattspyrnuheiminum.

## SYN2

- 07.00 Liverpool - Chelsea Útsending frá stórleik Liverpool og Chelsea í 3.umferð.
- 15.05 Portsmouth - Bolton
- 16.45 English Premier League 2007/08 Ný og hraðari útgáfa af þessum vinsæla þætti þar sem öll mörkin og helstu atvik umferðarinnar eru sýnd frá öllum mögulegum sjónarhornum. Viðbrögð þjálfara, stuðningsmanna og sérfræðinga.
- 17.40 Birmingham - West Ham Útsending frá leik Blackburn og Arsenal.
- 19.20 Newcastle - Aston Villa Útsending frá leik Newcastle United og Aston Villa.
- 21.00 English Premier League 2007/08 Ný og hraðari útgáfa af þessum vinsæla þætti þar sem öll mörkin og helstu atvik umferðarinnar eru sýnd frá öllum mögulegum sjónarhornum. Viðbrögð þjálfara, stuðningsmanna og sérfræðinga.
- 22.00 Coca Cola mörkin 2007-2008
- 22.30 Premier League World Nýr þáttur þar sem enska úrvalsdeildin er skoðuð frá ýmsum óvæntum hliðum. Leikmenn heimsoðttir, gömlu stjörnumar leitaðar uppi og svipmyndir af æðinu fyrir enska boltanum um heim allan.

## SKJÁREINN

- 07.35 Everybody Loves Raymond (e)
- 08.00 Dr. Phil (e)
- 08.45 Vörutorg
- 09.45 Óstöðvandi tónlist
- 15.45 Vörutorg
- 16.45 On the Lot (e)
- 17.45 All of Us (e)
- 18.15 Dr. Phil
- 19.00 Everybody Loves Raymond (e)
- 19.30 How Clean is Your House? (e) Hjón sem elska hunda og búa í hundaskít og óþef enda með 12 hundsrey á heimilinu. Kim og Aggie geta á greyn og ráðast á skitinn.
- 20.00 Friday Night Lights - NÝTT Dramatísk þáttaröð sem slegið hefur í gegn í Bandaríkjunum og er vinsælasta unglingsserían í dag. Aðalsöguhetjurnar eru skólakrakkar í smábænum Dillon í Texas þar sem lífið snýst um árangur fótboltaíðs skólans. Miklar vonir eru bundnar við nýjan þjálfara og bæjarbúar gera miklar væntingar til liðsins.
- 21.00 Boot Camp helgin - 1.hluti Fyrri hluti skemmtilegs þáttar þar sem fylgst er með íslenskum hetjum ganga í gegnum erfiðustu æfingar bandaríska hersins. Þrír bandarískir sérsvaitamenn heimsóttu Ísland sl. vor á vegum Boot Camp og gáfu almenningi tækifæri á að kynnst því hvaða æfingar bandarískir hermenn þurfa að komast í gegnum ef þeir vilja komast inn í sérsvait bandaríska sjóhersins, hina svokölluð Navy SEALs.
- 22.00 Law & Order
- 22.50 Everybody Loves Raymond
- 23.15 Jay Leno
- 00.05 3 Lbs (e)
- 00.55 Sleeper Cell (e)
- 01.45 Vörutorg
- 02.45 Óstöðvandi tónlist

## N4 SJÓNVARP NORÐURLANDS

12.15 Samantekt helstu fréttu vikunnar á N4. Endursýnt á klukkutíma fresti til 10:15 á Sunnudag.

## OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.



36 TÍMAR Í HELVÍTI

BOOT CAMP HELGIN



Í KVÖLD OG ANNAÐ KVÖLD KL. 21.00 Á SKJÁEINUM

## Í KVÖLD

STÖÐ 2 KL. 9.30  
Á vængjum ástarinnar  
- nýtt

Í dag hefjast sýningar á glænýrri og átakanlegri suður-amerískri smáseríu í 118 þáttum. Í þáttunum fáum við að fylgjast með þremur ungum konum sem allar eru að reyna að komast áfram í flugíðnaðinum. Það er þó ekki auðvelt enda stjórnar karlmenn þar öllu og konur eru yfirleitt fastar í flugfreyju-starfinu. Þetta er skemmtileg þáttaröð í anda Forboðinnar feegurðar og Valentínu.

▶ VIÐ MÆLUM MED  
Friday Night Lights - Nýtt  
Skjár einn kl. 20.00

Ný dramatisk þáttaröð sem slegið hefur í gegn í Bandaríkjunum og er vinsælasta unglingsæran í dag. Aðalsöguhetjurnar eru skólakrakkar í smábænum Dillon í Texas þar sem lífið snýst um árangur fótboltaíðs skólans. Miklar vonir eru bundnar við nýjan þjálfara og bæjarbúar gera miklar væntingar til liðsins. Það er því mikil pressa á ungum herðum en vandamál eru mörg og fram undan er dramatiskur vetur.



## RÁS 1 FM 92,4/93,5

|       |                             |       |  |
|-------|-----------------------------|-------|--|
| 06.50 | Bæn                         | 16.13 | Hlaupanótan                                    |
| 07.05 | Morgunvaktin                | 17.03 | Víðsjá   |
| 09.05 | Laufskálinn                 | 18.00 | Kvöldfréttir                                   |
| 09.45 | Morgunleikfimi              | 18.24 | Auglýsingar                                    |
| 10.13 | Stefnumót                   | 18.25 | Spegillinn                                     |
| 11.03 | Samfélagið í nærmynd        | 18.50 | Dánarfregnir og auglýsingar                    |
| 12.00 | Fréttayfirlit               | 19.00 | Laufskálinn                                    |
| 12.03 | Hádegisútlit                | 19.40 | Sumarsaga barnanna: Litla húsið í Stóru-skógum |
| 12.20 | Hádegisfréttir              | 20.00 | Ljóðabókin syngur                              |
| 12.45 | Veðurfregnir                | 21.00 | Fráttir í ljóðabókum                           |
| 12.50 | Dánarfregnir og auglýsingar | 21.55 | Orð kvöldsins                                  |
| 13.00 | Vitt og breitt              | 22.15 | Kvöldsagan: Sagan af Tristan og Ísól           |
| 14.03 | Útvarpsagan: Snaran         | 22.45 | Kvöldtónar                                     |
| 14.30 | Miðdegistónar               | 23.10 | Í fótspor Jane Austen                          |
| 15.03 | Grannar okkar               | 00.10 | Útvarp á samtengdum rásum til morguns          |
| 16.00 | Síðdegisfréttir             |       |  |
| 16.10 | Veðurfregnir                |       |  |

FM 90,9 Talstöðin FM 99,4 Útvarp Saga FM 98,9 Bylgjan FM 95,7 FM957 / Topp tónlistarstöðin FM 102,2 Útvarp Latibær / Fjölskyldu útvarp FM 102,9 Lindin / Kristilegt efni FM 96,7 Létt Bylgjan / Tónlist og afþreying FM 105,5 Útvarp Boðun / Kristilegt efni FM 88,5 XA-Radíó / 12 spora efni FM 97,7 X-ið / Enginn viðbjóður

## SIRKUS

18.00 Insider

18.30 Fréttir

19.00 Ísland í dag

19.40 Entertainment Tonight Í gegnum árin hefur Entertainment Tonight fjallað um allt það sem er að gerast í skemmtanabransanum og átt einkaviðtöl við frægar stjörnur.

20.10 Rock School 1 (e)

▶20.45 Jake In Progress (8.8) Önnur þáttaröðin af þessum grínþáttum um ungan og metnaðarfullan kynningarfulltrúa í New York. Þegar fræga fólk er rennur á rassinn mætir Jake Phillips á svæðið og reddar málinum. Vandamál eru bæði stór og smá en Jake er alltaf til staðar, boðinn og búinn að lappa upp á ímynd viðskiptavinanna.

21.15 Smallville (6.22) Sjötta þáttaröðin um Ofurmennið á unglingsárunum. Í Smallville býr unglingurinn Clark Kent. Hann er þróðmenni og er fús til að rétta öðrum hjálparhönd. Clark er samt ekki gallalaus og á það stundum til að vera dálítið klaufskur. Lendir hann í ýmsum vandræðum á sama tíma og hann er að uppgötva sinn rétta styrk. Frábærir þættir um Ofurmennið á yngri árum sínum. Leyfð öllum aldurs hópum.

22.00 Monk (5.16) Fyrirverandi rannsóknar-arlögglupjónninn Adrian Monk snýr aftur í firmna sinn og hann er enn að reyna að komast aftur að hjá lögreglunni. Það gengur illa þar sem þráhyggjan og fælnin stjórmar honum ennþá og það kann ekki góðri lukku að stýra fyrir lögreglumann. 2006.

22.45 The 4400 (6.13) Síðastliðin 50 ár hafa 4400 manns horfið frá heimilum sínum um gervöll Bandaríkin. Dag einn snúa þeir allir aftur þegar stór eldhnöttur fellur til jarðar frá geimnum. 2006.

23.30 Joan of Arcadia (19.22) (e)

00.15 Entertainment Tonight (e)

00.40 Tónlistarmyndbönd frá Popp TV

## BBC PRIME

12.00 Vanity Fair 13.00 Hustle 14.00 Garden Rivals 14.30 Bargain Hunt 15.15 Bargain Hunt 16.00 As Time Goes By 16.30 My Family 17.00 Home Front 18.00 Hustle 19.00 Canterbury Tales 20.00 Swiss Toni 20.30 Lenny Henry in Pieces 21.00 Hustle 22.00 The Good Life 22.30 Canterbury Tales 23.30 As Time Goes By 0.00 My Family 0.30 EastEnders 1.00 Hustle 2.00 Vanity Fair

## DR 1

12.00 /Egypten 12.50 Nyheder på tegnsprog 13.00 TV Avisen med vejret 13.10 Dawson's Creek 14.00 Hjerteflimmer 14.30 Snurre Snups øde ø 14.35 Lovens vogtere 15.00 Dragejægerne 15.25 Jungletrommer 15.30 Linus i Svinget 16.00 Aftenshowet 16.30 TV Avisen med Sport 17.00 Aftenshowet med Vejret 17.30 Genbrugsguld 18.00 Hammerslag 18.30 Barnestjerner for Folket - hundrede år med Nordisk Film 19.00 TV Avisen 19.25 Horisont 19.50 SportNyt 20.00 Måske skyldig - under huden 21.10 Seinfeld 21.35 Hercule Poirot: Mord i solen 4.30 Mira og Marie

## NKI

12.00 De få utvalgte 13.00 Best in Show 14.30 Afrika - 18 grader sør 15.00 Siste nytt 15.10 Oddasat - Nyheter på samisk 15.25 Tid for tegn 15.40 Mánáid-TV - Samisk barne-tv 15.55 Nyheter på tegnspråk 16.00 Postmann Pat 16.15 Vennene på Søllekken 16.30 Aston's steiner 16.40 Distriktnyheter 17.00 Dagsrevyen 17.30 Foreldre for enhver pris 17.55 Faktor: Lensmannen, Allah og kjærligheten 18.25 Valg 07 - Duell 18.45 Valg 07 - Distrikt 18.55 Distriktnyheter 19.00 Dagsrevyen 21.19.30 Vinbaronen 20.15 Bokprogrammet 20.45 Verdensarven 21.00 Kveldsnytt 21.15 Columbo 22.25 Daniel Barenboims fredsrøst

## SVT 1

12.20 Puck heter jag 14.00 Rapport 14.10 Gömorrön Sverige 15.00 Globalisering 15.30 Krokornax 16.00 Nicke Nyfiken 16.25 Ebb och Flo 16.30 Dagens visa 16.35 Tintin 17.00 Next Step 17.15 Planet Sketch 17.30 Rapport 18.00 Till landet i fjärran 18.30 En Noman i Pakistan 19.00 Kobra intervju 19.30 Carl Johan Magnus Olof Rabaeus 20.30 Pink - Live show från Wembley 21.25 Rapport 21.35 Kulturnyheterna 21.45 Vita huset 22.30 Sändningar från SVT24



FRIDAY NIGHT LIGHTS

HEFST Í KVÖLD KL. 20.00  
Á SKJÁEINUM



„Ég hlusta á Rás 2, Gullbylgjuna og allt þetta dót. Ég hlusta líka á Hallbjörn ef maður kemst í Húnavatns-sýsluna. Það er alltaf gaman að heyra í karlinum.“

Einar Þór Einarsson vörubílstjóri.

# Ágúst gerir draugamynd á Grettisgötu

„Þetta er bara kvikmynd sem ég ætla að gera og kemst vonandi á koppinn snemma á næsta ári,“ segir Ágúst Guðmundsson, kvikmynda-leikstjórinn góðkunnur, en hann leggur nú lokahönd á handrit sem heitir Ófeigur gengur aftur. Ágúst fékk nýlega handritastyrk frá Kvikmyndamiðstöð Íslands en síðasta mynd hans, Í takt við tímann, með hinum einu sönnu Stuðmönnum, var framlag Íslendinga í forvalið fyrir Óskarsverðlaunin árið 2005.

Ágúst segir að þetta sé ef til vill ekki draugamynd í þeirri merkingu að þeir leiki aðalhlutverkið en vissulega komi framliðnar persónur við sögu. Leikstjórinn segist hafa gengið með þessa hugmynd í maganum undanfarnin fimmtán ár og er kampakátur yfir því að hún virðist nú loks ætla að verða að veruleika. „Það var ekki fyrr en ég fluttist á



Grettisgötuna að mér fannst ég vera kominn í rétta umhverfið fyrir söguna og leið eins og að hérna gæti myndin gerst,“ útskýrir Ágúst.

Ágúst segist hins vegar sjálfur aldrei hafa lent í draugagangi eða verið svo merkilegur að sjá draug en hann sé, líkt og margir aðrir Íslendingar, upptekinn og heillaður af yfirnáttúrulegum fyrirbærum. „Þetta er kannski það atriði sem sameinar íslenskar kvikmyndir, þessi brennandi áhugi á þessum fyrirbærum.“

- fgg

**FRAMLÍÐNIR LEIKA STÓR HLUTVERK**  
Ágúst hyggst láta söguna gerast í nútímanum og þá væntanlega á Grettisgötunni þar sem hann býr sjálfur.

|    |    |    |    |    |    |
|----|----|----|----|----|----|
| 1  |    | 2  | 3  | 4  | 5  |
| 6  | 7  |    | 8  |    |    |
| 9  |    | 10 |    | 11 |    |
| 12 |    |    | 13 |    |    |
|    | 14 |    |    |    | 15 |
| 16 |    |    | 17 |    |    |
| 18 |    | 19 |    | 20 |    |
| 21 |    |    |    |    |    |

**LÁRÉTT**

2. örlög 6. mannþvaga 8. knæpa 9. loft 11. íþróttafélag 12. tárfellu 14. hroki 16. ætið 17. hár 18. utan 20. samtök 21. einn milljarðasti.

**LÓDRÉTT**

1. kvenmannsnafn 3. tónlistarmaður 4. limlesta 5. krot 7. fiskur 10. sérstaklega 13. efni 15. íþrótt 16. taug 19. ónefndur.

**LAUSN**

**LÁRÉTT:** 2. sköp, 6. ös, 8. krá, 9. gas, 11. kr, 12. grétu, 14. dramb, 16. sí, 17. ull, 18. inn, 20. aa, 21. nanó.

**LÓDRÉTT:** 1. dögg, 3. kk, 4. örkumla, 5. pá, 7. sardína, 10. sér, 13. tau, 15. blak, 16. sin, 19. nn.

**VEISTU SVARID?**

Svör við spurningum á síðu 8.

1. Kenía.
2. Þórlindur Kjartansson.
3. Til Grænlands.

**Auglýsingasími**



- Mest lesið



GÍSLI ÖRN GARÐARSSON: VINNUVIKAN SKILAÐI GÓÐUM ÁRANGRI

## Leikgerðin að verða til

Gísli Örn Garðarsson segir leikgerð sína eftir Tillsammans óðum vera að skýrast. Leikhópurinn og aðrir sem að uppsetningunni koma dvöldust úti á landi í síðustu viku, við æfingar og annað samspil. Gísli segir dvölinna hafa borið mikinn árangur. „Þetta hafa verið langir vinnudagar, en það er líka kosturinn við að fara út úr bænum,“ sagði hann. „Það eru allir saman allan tímann. Þetta er svo góður vinnufriður. Við unnum til tíu á kvöldin, elduðum kvöldmat og borðuðum seint,“ bætti hann við.

Leikgerð Gísla eftir kvikmynd sænska leikstjórans Lukas Moodysson er óðum að verða til, en leikararnir með veigamikil hlutverk í sjálfri tilurð hennar. „Þetta er allt að verða til í meðförum þeirra, enda eru þetta svo góðir leikarar,“ sagði Gísli, en eins og Fréttablaðið greindi frá er stórstjarnan Gael García Bernal einn leikara í uppsetningunni. Þýski leikarinn Daniel Brühl, sem var í aðalhlutverki í Good Bye Lenin!, tekur einnig þátt í leiknum, ásamt spænsku leikkonunni Eleni Anaya og hinni frönsku Joanu Preiss. Íslenskir leikarar eru þau Atli Rafn Sigurðarson, Rúnar Freyr Gíslason, Nína Dögg Filippusdóttir og Árni Pétur Guðjónsson.

Gísli hefur enn ekki neglt niður fasta hlutverkaskipan, en hún verður ekki með sama hætti í kvikmyndinni. „Myndin er frábær og stendur fyrir sínu. Það er gaman að nota hana bara sem grunn til að búa til sýningu sem virkar í leikhúsi, en er engin kópía af henni,“ sagði Gísli. „Það sem er intressant er samspil á milli persóna. Við notum karakterana í kvikmyndinni sem grunn og vinnu út frá honum. Við munum búa til ný sambönd, svona gegnum okkar „take“ á hippatímabilið, og koma með okkar sjónarmið inn í það,“ bætti hann við.

Þau sjónarmið gætu verið dálítið ólík, því leikarar í uppsetningunni koma frá fimm mismunandi



Gael García Bernal



RÚNAR FREYR, NÍNA DÖGG, ATLI RAFN OG GAEL



GÍSLI ÖRN OG BÖRKUR JÓNSSON

**LANGIR VINNUDAGAR**

Gísli Örn Garðarsson dreif leikhópin í sýningu hans, byggðri á hippamyndinni Tillsammans, út á land í síðustu viku. Leikmyndahönnuðurinn Börkur Jónsson var einnig með í ferð, og saman vann hópurinn að leikgerð eftir myndinni. Gísli segir langa vinnudaga hafa borið árangur.

löndum. Gísli segir upplifun þeirra af hippatímabilinu þó vera nokkuð svipaða. „Við erum flest börn hippakynslóðarinnar og þetta var svipað á mörgum stöðum. Að vísu er mismunandi hverju menn voru að berjast fyrir. Á Spáni var Fran-

co, svo það var erfitt að vera þar. Á Íslandi var enginn einræðis-herra, sem er í grunninn dálítið mikið öðruvísi,“ sagði Gísli. „En á móti kemur að hér er kaldara,“ bætti hann svo glettinn við.

sunna@frettabladid.is

**FRÉTTIR AF FÓLKI**

Reykjamaður úr röðum sjónvarpsfólks virðast vera í mikilli uppreisn gagnvart yfirvaldinu enda er hart sótt að sigarettunni úr hverju horni. Þeir **Helgi Seljan** úr Kastljósinu og **Oddur Ástráðsson** af Stöð 2 hafa nefnilega séð sig tilneydda að láta mynda sig með sigarettu í munnvikinu í fréttatímum stöðvanna. Oddur reið á vaðið og á fimmtudaginn varð Helgi að opinbera þennan ljóta ávana sinn þegar hann gerði frétt um reykjaherbergi í fríhöfninni í Keflavík. Enginn var að sjúga nikótínið í sig þegar sjónvarpsmanninn góðkunnur bar að garði með myndatökumann. Og í þágu fréttarinnar þurfti Helgi því að kveikja sér í einni til að sýna fram á að þarna mætti nú í alvörunni reykja.



Sigurjón Kjartansson og Óskar Jónsson sitja nú sveittir við að klippa sjónvarpsþáttaröðina Pressa sem á

að fara í sýningar á Stöð 2 strax eftir áramót. Tvíhöfðabræðurnir Sigurjón og Jón Gnarr verða því einráðir í leiknu efni þennan sjónvarpsveturinn því Jón leikur sem kunnugt er í Næturvaktinni en sýningum á henni á að ljúka þegar Pressa hefur göngu sína. Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins hafa þeir Sigurjón og Óskar tröllatru á þáttaröð sinni og eru þegar farnir að leggja grunn að næstu seríu.

Og aðeins meira af **Sigurjóni** því glöggir vegfarendur hafa tekið eftir því að eitthvað er breytt við grínastann góðkunnna. Sigurjón hefur nefnilega ákveðið að senda tennurnar sínar í smá lagfæringu og spókar nú um með glæsilegar spangir í bæði neðri og eftir göm. Hefur verið haft á orði að þarna hafi Sigurjón undirstrikað vald sitt í íslenskum sjónvarpsíðnaði því sjálfur Tom Cruise þar spangir fyrir ekki margt löngu og efast enginn um áhrif hans. í Hollywood.



- fgg

# Ungur ljósmyndari vekur athygli

Marino Thorlacius er ungur strákur sem var að gefa út sína fyrstu ljósmyndabók. Hann er sjálfærður í faginu og hefur einungis tekið myndir í þrjú ár. Athygli vekur að hinn virti ljósmyndari Ragnar Axelsson, eða RAX, kallar hann snilling á bókarkápunni.

„Þetta er samansafn af fyrstu verkunum mínum. Ég hef lengi gengið með það í maganum að gefa út bók og ákvað að láta bara vaða,“ segir Marino um bókina, Land. Nokkra athygli vekur að hinn virti ljósmyndari Ragnar Axelsson, eða RAX, sem hefur starfað um árabil á Morgunblaðinu og gefið út ljósmyndabækur sjálfur, gefur bókinni lofsamlega dóma á bókarkápunni. Þar segir hann meðal annars: „Hér er á ferðinni nýr snillingur. Mér finnst myndirnar hans Marinos allv



**LOFADUR AF RAX** Hér má sjá eina myndanna sem prýða ljósmyndabókina Land.

frábærar, sennilega með því flottasta sem menn eru að gera í dag.“

Marino byrjaði að taka myndir fyrir þremur árum þegar hann keypti sér myndavél. „Ljósmynd-



**GEFUR ÚT LJÓSMYNDABÓK** Marino Thorlacius var að gefa út sína fyrstu ljósmyndabók.

un er svo stór, hefur svo mikla möguleika. Íslendingar hafa ekki almennilega opnað augu sín fyrir því enn þá. Ljósmyndun hefur til dæmis alveg jafnmikla möguleika og málverk.“

Marino segir að myndirnar séu af öllu mögulegu og unnar á misjafnan hátt. Eftirvinnsla þeirra er líka mismikil. Sumar eru mikið unnar, aðrar ekki neitt og hann vinnur þær bæði í höndunum og stafrænt.

„Það er tjáningarbörfin sem rekur mig áfram. Þetta er eins og þegar ljóðskáld gefur út ljóðabók,“ segir Marino um bókina sína. Hann gefur bókina út sjálfur og helmingur ágóða hennar rennur til Krabbameinsfélagsins. Sýnishorn mynda hans má sjá á heimasíðu hans, Marinot.com.

- jar

# FRÁBÆRIR

## SKÓLAFÉLAGAR

Flott fartölva frá Acer með björtum kristal skjá, Intel örgjörva, hraðvirku vinnsluminni, þráðlausu netkorti og geymsluplássi fyrir fleiri þúsund ritgerðir og lög. Innbyggð vefmyndavél og 3 ára ábyrgð er síðan rúsinan í pylsuendanum.

*Pessi passar í hvaða skólastofu sem er!*



Windows Vista

### ACER ASPIRE 3693

Intel Celeron 1.73Ghz  
512MB DDR2 minni  
80GB harður diskur  
15.4" skjár / Vista Home  
4 x USB / WiFi / S-Video



Stækkaðu minnið í 1024MB fyrir aðeins **3.900-**

TILBOÐ:

# 69.900-

► Eða 2.526 kr. á mánuði í 36 mánuði!

**Bestu kaupin fyrir hagsýna nemandann!**

### ACER ASPIRE 5103

AMD Turion X2 DuoCore TL-52  
1GB DDR2 vinnsluminni  
120GB harður diskur  
15.4" skjár / Vista Premium  
Innbyggð vefmyndavél

Öflug fartölva frá Acer með björtum kristal skjá, tveggja kjarna örgjörva sem vinnur allt að 50% hraðar en hefðbundinn örgjörvi, nóg af hraðvirku vinnsluminni, þráðlaust netkort og enn meira gagnapláss. Innbyggð vefmyndavél, 3 ára ábyrgð og Windows Vista Home Premium gerir þessa að meiru en bara skólafélagi!

# 89.900-

► Eða 3.214 kr. á mánuði í 36 mánuði!



**SVAR)** tækni

ALLAR NÁNARI UPPLÝSINGAR Á WWW.SVAR.IS - SÍÐUMÚLA 37 - SÍMI 510 6000

# FRÉTTABLAÐIÐ

SÍMANÚMÉR FRÉTTABLAÐSINS: 512 5000, fax: 550 5099 Rítstjórn: 550 5005, fax: 515 7506, rítstjorn@frettabladid.is  
DREIFING: dreifing@posthusid.is Auglýsingaheild: auglysingar@frettabladid.is Veffang: visir.is

VIÐ SEGJUM FRÉTTIR

SMÁUGLÝSINGASÍMINN ER 512 5000

LYFJA  
- Lífið heil

Opið 8-24  
alla daga

Lyfja Lág múla  
Lyfja Smáratorgi



BAKÞANKAR

PRÁINS BERTELSSONAR

## Færanleg lögglustöð

Sá sem býr í miðborg veit að þar  
Ser ýmislegt öðruvísi en í  
úthverfum. Sumt betra. Annað  
verra. Aðeins eitt er óþolandi og  
það er að búa á svæði þar sem  
lögga hefur gefist upp á að fram-  
fylgja landslögum. Með lögum  
skal land byggja – nema miðborg  
Reykjavíkur.

**EKKERT** er ánægjulegra í augum  
þeirra sem búa í miðborginni en  
að sjá þúsundir samankomnar á  
fallegum degi eða kvöldi og gildir  
þá einu hvort um er að ræða fyrsta  
maí-hátíðahöld, gleðigöngu, menn-  
ingarnótt eða eitthvað allt annað.  
Hingað eru allir velkomnir hvort  
sem er að nóttu eða degi sem  
semja sig að síðaðra manna hátt-  
um og þeim lögum sem gilda fyrir  
alla landsmenn án tillits til hvort  
þeir búa í 101 eða í Grímsey.

### MIÐBÆJARROTTURNAR

hegða sér skikkanlega í öðrum  
byggðarlögum. Ef við förum til  
dæmis til Hafnarfjarðar dettur  
okkur ekki í hug að ráðast þar á  
fólk með hnífum, hnefum, spörk-  
um eða bareflum jafnvel þótt það  
verði á vegi okkar. Við mígum ekki  
á búðarglugga í Kópavogi, kúkum  
ekki í húsaþarfa í Garðabæ, brjót-  
um ekki rúður í Mosfellsbæ og  
stöndum ekki öskrandi fyrir utan  
hús sofandi Seltirninga.

**SAMT** eru íbúar miðborgarinnar  
nákvæmlega eins og annað fólk.  
Sumir drekka mikið en sjaldan,  
sumir lítið og oft en sumir aldrei;  
sumir eru háværir, aðrir kyrrlátir.  
Allar miðbæjarrotturnar vita að  
óhjákvæmilegt er að hegða sér  
síðsamlega og fara eftir lögum og  
reglum. Annars kemur lögreglan  
og stingur manni í steininn. Alls  
staðar – nema í hverfinu okkar,  
miðborginni. Þar geta allir hegðað  
sér eins og svín. Það vita allir. Þar  
er engin lögregla. Ekki frekar en í  
Ódádahrauni.

**NÚ** skilst manni að ráða eigi bót á  
þessu. Lögreglan telur að til þess  
að friða miðborgina fyrir skríslát-  
um sé nauðsynlegt að kaupa fær-  
anlega lögglustöð, sennilega til  
að geta elt óróaseggina uppi án  
þess að yfirgefa stöðina. Kannski  
er hægt að fjármagna færana  
lögglustöð með peningunum  
sem spöruðust við að loka einu  
lögglustöðinni í miðbænum  
fyrir fáum árum. Hún var náttúr-  
lega ekki færana og kom því  
ekki að neinum notum. Hvernig  
væri að prófa að nota færana  
lögglumenn þar til færana  
lögglustöðin kemur?

Gefðu  
vatn

Hjálparstarf  
kirkjunnar  
www.help.is



## HINN FULLKOMNI PALLBÍLL

### Nissan Navara

Nissan Navara er öflugt torfærutróll með akstur-  
seiginleika og þægindi borgarjeppans. Hann er  
með aflmestu vélina í sínum flokki, 100%  
driflæsinga að aftan, ótrúlega burðargetu og fer  
létt með að draga þrjú tonn. Fjölhæfni, kraftur og  
þægindi gerðu hann að mest selda pallbílinum í  
Evrópu árið 2006.

Þú nýtur lífsins í Nissan Navara, hinum fullkomna pallbil.

**KOMDU OG REYNSLUAKTU!**



Ingvar Helgason

Sævarhöfða 2 Sími 525 8000 www.ih.is

Opið: Mánudaga – föstudaga kl. 9.00 - 18.00 og laugardaga kl. 12.00 - 16.00

Umboðsmenn  
um land allt

Akureyri  
464 7940

Höfn í Hornafirði  
478 1990

Njarðvík  
421 8808

Reyðarfirði  
474 1453

FRÉTTABLAÐIÐ